

Ársskýrsla 2023

Þjóðskjalasafn Íslands

Ársskýrsla Þjóðskjalasafns Íslands 2023

Yfirlit um starfsemi

Þjóðskjalasafn Íslands - Reykjavík 2024



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ársskýrsla 2023

Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:

Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

5903300

upplýsingar@skjalasafn.is

www.skjalasafn.is

© Júní 2024 Þjóðskjalasafn Íslands

Efnisyfirlit

Ávarp Þjóðskjalavarðar	7
1. Þjóðskjalasafn Íslands.....	8
Þjóðskjalasafn sem stjórnsýslustofnun	8
2. Innri starfsemi	9
Stjórnarnefnd 2023-2026	9
Aðalmenn:	9
Varamenn:	9
Skipulag og stjórnun	9
Framkvæmdastjórn í árslok 2023:.....	10
Mannauðsmál	11
Jafnlaunavottun	12
Jafnréttismál	12
Rekstrar- og efnahagsreikningur	12
Húsnæðismál	14
Grænt Þjóðskjalasafn	15
3. Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns	16
4. Skjalavarsla og skjalastjórn	17
Afhendingar pappírsskjala	17
Afhendingar rafræna gagna	18
Grisjunarbeiðnir	19
Málalyklar og skjalavistunaráætlanir	19
Tilkynning rafræna gagnasafna	20
Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila	20
Námskeið	20
Námskeið hjá Starfsmennt	22

Reglur um varðveislu og eyðingu fjárhagsbókhalds	22
Skjalasafni Grindavíkurbæjar komið í skjól	23
Einkaskjalasöfn	24
Forvarsla	24
Umbætur á viðtökuværkstaði	25
Skráning skjalasafna	25
5. Aðgengi og þjónusta	26
Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is	26
Útlán og notkun skjala	26
Fyrirspurnir vegna safnkosts	26
Heimsóknir á lesarsal	27
6. Sýningar, viðburðir og rannsóknir	28
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns	28
Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns	28
Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni	29
Þriðja bindi skjala Yfirréttarins	29
Safnanótt	29
Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði	30
7. Miðlun	31
Vefir Þjóðskjalasafns	31
Stafræn endurgerð	31
Skráning sóknarmenntala	32
Innlent og erlent samstarf	32
Samstarf um stafræn hugvísindi	32
Samfélagið á Rás 1	32
Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna	33
Hlaðvarpsþættir 2023	33
Arkir – fréttir af safnkosti	34

Heimild mánaðarins	34
8. Samstarf opinberra skjalasafna	36
Tilfærsla á verkefnum tveggja héraðsskjalasafna til Þjóðskjalasafns	36
Starfshópur um framtíð opinberra skjalasafna	37
Fundur opinberra skjalasafna	37
Samráðshópur um einkaskjalasöfn	37
Styrkir til héraðsskjalasafna	38
9. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	40
Viðauki 1. Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2024-202	42
Viðauki 2. Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2023	44
Viðauki 3. Afhendingar 2023	45
Viðauki 4. Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns	51
Útgefnar bækur	51
Erindi og greinar	51

Ávarp Þjóðskjalavörðar

Viðburðarríkt ár er að baki. Jarðskjálftar og jarðhræringar á Reykjanesi hafa haft víðtæk áhrif á sitt nærsamfélag og sér ekki enn fyrir endann á þeim hamförum. Nokkrum dögum eftir jarðskjálftana í nóvember var farið í leiðangur til að bjarga skjölum Grindavíkur úr bænum samhliða almennri rýmingu. Bæjaryfirvöld, almannavarnir og Þjóðskjalasafn Íslands lögðu þar saman krafta sína við að koma skjölum bæjarins í öruggt skjól.

Öryggismál í víðum skilningi eru afar mikilvæg í tengslum við langtímavörslu skjala í samtímanum, einnig þótt ekki séu yfirstandandi náttúruhamfarir. Þetta er málefni sem skjalasöfn og afhendingarskyldir aðilar þurfa að hafa ofarlega á sínum verkefnalista, vera viðbúin með rýmingaráætlanir og leggja áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir. Þetta á við á öllum stigum skjalavörslu og skjala-stjórnar. Starf fageiningarinnar Gagnaskil og eftirlit á Þjóðskjalasafni sinnir þessu verkefni og hefur verið að styrkja það starf á undanförunum árum.

Hinar tvær árlegu ráðstefnur Þjóðskjalasafns endurspegluðu vel þessar áherslur á mikilvægi þess að örugg og áreiðanleg gögn séu ávallt tiltæk og hægt sé að treysta því að skjalasöfn leggi sín lóð á vogarskálarnar í þeim efnunum. Umfjöllun-arefni vorráðstefnunnar var „leitin að sannleikanum“ og varpaði ljósi á þau viðfangsefni sem skjalasöfn og notendur þeirra standa frammi fyrir, og ekki síst hlutverk skjalasafna í að tryggja að áreiðanlegar upplýsingar standi til boða fyrir almenning og fræðimenn. Þetta á sérstaklega við á tímum sem þessum þegar falsfréttir og gervigreind koma sífellt meira við sögu.

Á rannsóknardögum haustsins voru þjóðlendurannsóknir í fyrirrúmi. Síðastliðna tvo áratugi hefur verið unnið að jarðarannsóknunum á Þjóðskjalasafni í sam-

starfi við skrifstofu óbyggðanefndar, sem hluti af grunnvinnu vegna úrskurða um mörk eignarlanda og þjóðlendna. Gagnaöflun byggir á umfangsmiklu safni réttindaskjala allt frá 12. öld til samtímans, sem gerð eru aðgengileg fyrir alla málsaðila. Verkefnið sýnir hversu mikilvægt starf skjalasafna er í að tryggja réttindi bæði borgara landsins og ríkisins sem fer með sameign þjóðarinnar.

Árið einkenndist annars almennt af stórum verkefnum í innri uppbyggingu á safninu. Unnið var að næstu áföngum í innleiðingu innviðaverkefnis í samræmi við stefnu stjórnvalda. Verkefnið í heild felst í að styrkja og endurnýja stafræna innviði, byggja upp tæknibúnað og nýtt skráningarkerfi, efla þekkingu til að taka við auknum rafrænum afhendingum frá stjórnsýslunni og endurnýja vefmiðlun safnsins. Á árinu var lögð áhersla á annan hluta þess, vinnu við undirbúning að innleiðingu á nýju skjalaskráningarkerfi, kaupum á nýjum skönnum og að styrkja tækniþekkingu með nýráðningum. Einnig var hafin vinna við endurskipulagningu skrifstofu rekstrar á safninu með sérstakri áherslu á mannauðs- og gæðamál. Unnið var að mótun starfsþróunarstefnu og hafin vinna við gerð starfsþróunaráætlunar. Fleiri skref í þessu efni verða stigin á næsta ári.

Í upphafi 21. aldarinnar breyttist rekstrarumhverfi samfélagsins yfir í hinn rafræna og stafræna heim. Á síðustu áratugum 20. aldar var umhverfið blandað, pappírsskjalavarsla var viðmiðið samhliða fyrstu skrefum í rafrænum kerfum. Í samtímanum er þessu öfugt farið, skjöl 21. aldar verða að mestu varðveitt á rafrænu formi og Þjóðskjalasafn tekur virkan þátt í þeirri vinnu sem stjórnaráðið er að innleiða með Stafrænu Íslandi. Það þarf að huga bæði að þeirri hlið sem snýr að daglegum störfum og langtímavörslunni. Þessu fylgja áskoranir en mikilvægið er ótvírætt.

Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður



1. Þjóðskjalasafn Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands er ein af grunnstofnunum ríkisins og starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Þar er kveðið á um meginhlutverk Þjóðskjalasafns og er það í grundvallaratriðum tvíþætt; annars vegar að gegna hlutverki framkvæmdaaðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og hins vegar að gegna hlutverki opinbers skjalasafns. Tilurð skjala, meðhöndlun þeirra og varðveisla (rafræn og á pappír) er grunnþáttur sem allt annað byggist á. Þjóðskjalasafn sinnir því einni af grunnstoðum lýðræðis í landinu; tilurð, varðveisla og aðgengi að upplýsingum. Það er m.a. gert með því að setja stjórn-sýslunni reglur með það að markmiði að tryggja upplýsingarétt, gagnsæi og aðgengi.

Þjóðskjalasafn sem stjórn-sýslustofnun

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk lögum samkvæmt að setja reglur um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, gefa út leiðbeiningar, standa fyrir fræðslu og veita ráðgjöf um skjalavörslu og skjalastjórn. Jafnframt hefur safnið eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar uppfylli þau lög og reglur sem skjalahaldi þeirra eru settar. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru um 500 talsins. Að auki hefur Þjóðskjalasafn eftirlit með héraðs-skjalasöfnum sem starfandi eru á landinu. Því til viðbótar heyra undir Þjóðskjalasafn sveitarfélög á svæðum þar sem ekki eru starfandi héraðsskjalasöfn. Þjóðskjalasafn veitir aðgang að skjölum og gögnum sem það hefur í vörslu sinni á grundvelli laga, þar sem hagsmunir og réttindi borgaranna, fyrirtækja og stofnana eru höfð að leiðarljósi.

Minni íslensks samfélags

Stundum er talað um skjalasöfn og skyldar stofnanir sem „minnisstofnanir“ samfélagsins (memory institutions). Það á vel við og lýsir menningarlegu hlutverki Þjóðskjalasafns. Það varðveitir heimildir um íbúa landsins, stofnanir þess, stjórn-sýslu, atvinnulíf, félagslíf og menningu frá elstu tímum til samtímans.

Rétt meðhöndlun skjala samkvæmt reglum og leiðbeiningum Þjóðskjalasafns er lykillinn að því að skjalasöfn varðveitist til framtíðar. Afhendingarskyldir aðilar, sem fara eftir lögum og reglum, ganga frá gögnum sínum til afhendingar og skila þeim inn til safnsins ásamt skrá og lýsigögnum. Skrárnar fara svo fljótt sem verða má í birtingu í skjalaskrá Þjóðskjalasafns og gögn eru afgreidd til notenda samkvæmt gildandi lögum. Einkaskjöl koma eftir öðrum leiðum og leitast er við að aðstoða þá sem afhenda þau við frágang til að skjölin verði sem aðgengilegust.

Saman mynda opinber skjöl og einkaskjöl minni íslensks samfélags. Til að tryggja langtíma-vörslu þessara skjala er hugað að því að varðveisluskilyrði séu eins og best verður á kosið með fyrirbyggjandi forvörslu. Styrkjandi forvörslu er líka beitt þar sem það á við, gert við mikilvæg gögn til að tryggja varðveislu þeirra til framtíðar, auk þess sem skönnun og birting skjala á vef er mikilvægur hlekkur í að gera menningararfinn aðgengilegan. Skönnun skjala hefur tvíþætt markmið, að bjarga upplýsingum á gögnum sem ekki þola meðhöndlun og útlán auk þess að gera skjöl aðgengilegri almenningi í rafrænum lestarsal.

2. Innri starfsemi

Stjórnarnefnd 2023-2026

Þjóðskjalasafn Íslands heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneytið. Ráðuneytið skipar stjórnarnefnd safnsins sem er þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnarnefndin veitir þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins.

Ný stjórnarnefnd var skipuð af menningar- og viðskiptaráðherra þann 1. janúar 2023 með skipunartíma til 31. desember 2026.

Stjórnarnefndin er þannig skipuð:

Aðalmenn:

Anna Agnarsdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar,

Erla Hulda Halldórsdóttir, varaformaður, tilnefnd af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands,

Trausti Fannar Valsson, tilnefndur af félagsvísindasviði Háskóla Íslands sat í stjórnarnefnd til nóvember 2023,

Gunnar Örn Hannesson, tilnefndur af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands,

Jóna Símonía Bjarnadóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Óskar Jörgen Sandholt, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

Valur Ingimundarson, skipaður án tilnefningar,

Viðar Pálsson, tilnefndur af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands,

Ragna Kemp Haraldsdóttir, tilnefnd af félagsvísindasviði Háskóla Íslands,

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir, tilnefnd af starfsfólki Þjóðskjalasafns Íslands,
Kolbrún Erna Magnúsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Páll S. Brynjarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þjóðskjalavörður situr fundi stjórnarnefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórnarnefnd fundaði tvisvar á árinu 2023, 14. júní og 25. október. Fundargerðir stjórnarnefndar eru birtar á vef safnsins.

Skipulag og stjórnun

Skipurit Þjóðskjalasafns Íslands sýnir starfsemi stofnunarinnar. Nýtt skipurit tók gildi 1. mars 2022 og markaði starfseminni áfram ramma á árinu 2023. Skrifstofur safnsins eru tvær, skrifstofa skjalavörslu og skjalastjórnar sem aðstoðarþjóðskjalavörður stýrir og skrifstofa rekstrar sem framkvæmdastjóri rekstrar stýrir. Fageiningarnar eru nú átta talsins, þ.e. gagnaskil og eftirlit, stafræn endurgerð, fræðsla og rannsóknir, skráning, upplýsingaþjónusta, varðveisla, mannaauðsmál og húsnæði. Fagstjórar stýra fageiningum safnsins. Þjóðskjalavörður, aðstoðarþjóðskjalavörður og framkvæmdastjóri rekstrar mynda framkvæmdastjórn sem fundar að jafnaði vikulega.

Framkvæmdastjórn í árslok 2023:


Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður

Njörður Sigurðsson, aðstoðarþjóðskjalavörður

Puríður Árnadóttir, framkvæmdastjóri rekstrar



SKIPURIT
Gildir frá 1. mars 2022



Mannauðsmál

Þjóðskjalasafn hefur á að skipa hæfu og reynslumiklu starfsfólki á sviði skjalavörslu, skjalastjórnar, stjórnarsýslu og miðlunar. Á árinu 2023 fjölgaði starfsfólki Þjóðskjalasafns og var ráðið í nokkrar nýjar stöður innan safnsins. Flest tengjast störfin áherslu safnsins í rafrænni langtíma vörslu gagna og stafrænni miðlun. Ráðið var í stöðu sérfræðings í rafrænni skjalavörslu, tveir sérfræðingar í miðlun, tveir starfsmenn í stafræna endurgerð skjala og tveir starfsmenn í frágang og skráningu pappírsskjala. Þá var auglýst og ráðið í starf mannauðs- og gæðastjóra. Um nýtt starf er að ræða en nú standa yfir mestu breytingar í starfsemi Þjóðskjalasafns um langt skeið, þar sem áhersla er lögð á stafræna umbreytingu, örugga varðveislu, gott aðgengi og sjálfbærni.

Í árslok 2023 var starfsfólk alls 47, þar af voru tveir í leyfi, stöðugildi voru alls 42,6. Stærsti hlutinn er í 100% starfi en átta voru í hlutastörfum. Á árinu létu tveir starfsmenn af störfum en báðir voru í tímabundnum störfum. Ársverk við safnið voru 37,6. Fjöldi kvenna var 22 og fjöldi karla 25.

Meðalaldur starfsfólks í árslok 2023 var 49 ár og meðalstarfsaldur var um níu ár. 38% starfsfólks (18 starfsmenn) hefur starfað hjá Þjóðskjalasafni lengur en í tíu ár og 45% (21 starfsmaður) skemur en fimm ár. Háskólamenntaðir starfsmenn eru 88% og eru sagnfræðingar í miklum meirihluta.

Eins og undanfarin ár tók Þjóðskjalasafn þátt í könnuninni „Stofnun ársins“ á vegum Sameykis og fjármála- og efnahagsráðuneytisins og lenti í 26. sæti af 45 stofnunum í flokki „stærri stofnanir“. Heildareinkunn var 4,085 og fer upp um 20 sæti frá 2022 en var þá í flokki „minni stofnanir“. Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingar um ánægju og líðan starfsmanna og eru leiðbeiningar fyrir stjórnendahóp safnsins um hvar má gera betur.



Jafnlaunavottun

Þjóðskjalasafn fékk jafnlaunavottun í byrjun árs 2019 og framkvæmir árlega jafnlaunagreiðingu innan stofnunarinnar. Árið 2023 var niðurstaða greiningarinnar innan þeirra jafnlaunamarkmiða sem stofnunin hefur sett sér. Stefna Þjóðskjalasafns er að starfsfólk njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf þannig að enginn óútskýrður launamunur sé til staðar.

Jafnréttismál

Í jafnréttisáætlun Þjóðskjalasafns eru sett fram fjölþætt markmið, s.s. um kynjasamþættingu, launajafnrétti og samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Áætlunin miðar m.a. að því að tryggja jafnan rétt starfsfólks og stuðla að jafni stöðu og virðingu. Jafnréttisáætlun fjallar einnig um verkefni jafnréttisnefndar sem eru að stuðla að fræðslu og skapa umræðu um jafnréttismál. Eitt erindi var flutt á vegum jafnréttisnefndar í maí 2023. Hafdís Erla Hafsteinsdóttir flutti erindið „Huldukonur. Hinsegin kynverund kvenna í íslenskum heimildum 1700–1960.“ Þá kynnti nefndin árlegt stöðumat jafnréttismála á starfsmannafundi í september.


Jafnrétti hefur verið mælt í könnuninni „Stofnun ársins“ undanfarin ár. Árið 2023 fékk Þjóðskjalasafn 3,93 í þeim þætti en meðaltal stofnana í sama flokki var 4,34.

Rekstrar- og efnahagsreikningur

Á árinu 2023 var framlag úr ríkissjóði til rekstrar alls 923,7 m.kr. borið saman við 505 m.kr. árið 2022. Samkvæmt ársreikningi 2023 var rekstrarafgangur ársins um 78 m.kr. Rekstrarafgangur ársins 2022 var jákvæður um 48,8 m. kr.

Rekstrargjöld ársins námu um 950 m.kr. Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun 493 m.kr. (52% heildarútgjalda). Launakostnaður hækkaði um 94 m.kr. milli ára eða um 24% en ársverkum fjölgaði á árinu og voru 37,6 árið 2023 en 33,7 árið 2022.

Laun, aðkeypt þjónusta og húsnæði nema um 91% af heildarrekstrarkostnaði.



Skipting rekstrargjalda 2023

Á árinu 2023 tók FSRE yfir húsnæði Þjóðskjalasafns og safnið hóf að greiða leigu sem ekki hafði verið áður og vegna þess eykst húsnæðiskostnaður safnsins verulega, auk framlaga úr ríkissjóði til að mæta þessari breytingu.

Sértekjur ársins námu alls 86,5 m.kr., þar meðtalið er framlag ráðuneytisins til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. sem Þjóðskjalasafn annast milligöngu um, styrkur Alþingis til útgáfu Yfirréttarins 10 m.kr. og leigutekjur. Sérfræðiþjónustuverkefni skiluðu alls um 56 m.kr., og er verkefni Óbyggðanefndar langstærst.

Áætlun ársins 2023 gerði ráð fyrir að rekstur yrði í jafnvægi m.v. fjárveitingu. Með fjárukalögum voru veittar 80 m.kr. sem átti að ganga upp í fjárfestingu

vegna innviðaverkefnis tengt stafvæðingaráætlun safnsins. Framlagið var fyrir mistök fært á rekstur en ekki sem fjárfestingarframlag. Af þessum sökum er áætlaður rekstrarafgangur 2023 um 78 m.kr. Gert er ráð fyrir að þetta verði leiðrétt í fjárukalögum ársins 2024 að því gefnu að höfuðstóll í lok árs 2023 flytjist á árið 2024.

Fjárfestingar ársins námu alls 28 m.kr.

Rekstraryfirlit (m.kr.)	Lokafærslur 2023	Áætl. lokafærslur 2023	Frávik	%
Sértekjur	-86.484.381	-115.319.998	-28.835.617	25
Laun	493.204.208	489.701.233	-3.502.975	-1
Ferðir og fundir	13.143.630	10.654.996	-2.488.634	-23
Rekstrarvörur	22.458.490	19.955.020	-2.503.470	-13
Aðkeypt þjónusta	92.474.470	64.883.184	-27.591.286	-43
Húsnæði	275.269.672	281.884.996	6.615.324	2
Bifreiðar og vélar	136.461	1.100.000	963.539	88
Rekstrarkostnaður	53.453.582	53.094.974	-358.608	-1
Framlag ríkissjóðs	-923.700.000	-789.499.994	134.200.006	-17
Framlag til afskrifta	-17.933.484	-16.494.984	1.438.500	-8,72
Samtals	-77.977.352	-40.573	-77.936.779	

Rauntölur og áætlun 2023

Húsnæðismál

Höfuðstöðvar Þjóðskjalasafns Íslands og skjalageymslur eru að Laugavegi 162. Auk þess er stofnunin með skjalageymslur á Höfðabakka í Reykjavík. Á vormánuðum 2023 auglýsti FSRE, fyrir hönd ríkissjóðs, eftir varðveisluhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn Íslands til leigu. Um var að ræða skjalageymslu auk stoðryma. Miðað var við að húsnæðið yrði tekið á leigu í 5 til 10 ár með möguleika á framlengingu. Gerð var krafa um staðsetningu á höfuðborgarsvæðinu. Vegna framtíðaráforma var einnig óskað eftir upplýsingum um 3.000-10.000 m² húsnæði fyrir Þjóðskjalasafn í þéttbýliskjörnum á landinu. Undir lok árs var gengið frá samningi um leigu á fyrsta áfanga húsnæðis í Sundaborg í Reykjavík og var flutt í það í nóvember og desember. Húsnæðið mun nýtast sem skráningaraðstaða og viðbót við skjalageymslur safnsins þar sem komast fyrir um 6.000 hillumetrar af skjölum. Annar áfangi húsnæðisins verður afhentur á árinu 2024.

Húsnæði Þjóðskjalasafns undir árslok 2023 var alls um 10.400 m².

Áfram var unnið að þarfagreiningu í frummatsskýrslu um framtíðarhúsnæði fyrir Þjóðskjalasafn sem unnin er af FSRE fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytis.



Grænt Þjóðskjalasafn

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett sér það markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftlagsmálum og halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki.

Þjóðskjalasafn starfar samkvæmt grænum skrefum í ríkisrekstri en markmið þeirra er m.a. að innleiða áherslur ríkisins í umhverfismálum sem þegar hafa verið samþykktar og að gera aðgerðir stofnana í umhverfismálum sýnilegar. Þjóðskjalasafn tók sitt fimmta græna skref í janúar 2021 og hefur því tekið öll skrefin. Í samræmi við græn skref og innkaupastefnu ríkisins leggur Þjóðskjalasafn áherslu á hagkvæm og vistvæn innkaup. Markvisst er unnið að því að gera Þjóðskjalasafn að umhverfisvænum vinnustað. Starfsfólki er boðið upp á samgöngusamninga og góða aðstöðu fyrir hjólandi, en Þjóðskjalasafn hefur hlotið gullvottun fyrir að vera hjólavænn vinnustaður.

Umhverfis- og loftlagsstefna Þjóðskjalasafns Íslands tekur til umhverfisáhrifa af rekstri og varðar allt starfsfólk stofnunarinnar. Stefnan tekur til umhverfisþátta sem unnt er að fylgjast með og mæla hverju sinni.

Þjóðskjalasafn Íslands tengir starfsemi sína við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem voru samþykkt árið 2015. Umhverfis- og loftlagsstefnan tekur mið af heimsmarkmiðunum, með sérstakri áherslu á markmið 8 (nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt), 11 (vistvænar samgöngur, loftgæði og úrgangur), 12 (vistvæn innkaup), 13 (stefnumótun í loftlagsmálum) og 17 (samstarfsverkefni milli opinberra aðila og einkaaðila).



3. Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns

Notendur þjónustu Þjóðskjalasafns Íslands er fjölbreyttur hópur einstaklinga, afhendingarskyldra aðila og annarra lögaðila sem leita til Þjóðskjalasafns eftir fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn, upplýsingum úr safnkosti eða vilja fræðast um safnið og þjónustu þess. Notendur sækja þjónustu safnsins með fjölbreyttum hætti, svo sem með heimsóknnum á safnið, á lestrarsal til að skoða skjöl eða í skólaheimsóknnum, með því að sækja upplýsingar á vefi safnsins, t.d. á Heimildir.is eða í veflæga skjalaskrá, sækja námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn eða með því að senda inn fyrirspurnir um safnkostinn eða hvernig eigi að standa að skjalahaldi opinberra aðila.

Árið 2023 voru notendur þjónustu Þjóðskjalasafns tæplega 70 þúsund, þar af voru langflestir sem nýttu sér þjónustu safnsins á vef eða 65 þúsund. Um 1.900 sóttu lestrarsal safnsins eða komu í kynningarheimsóknir og um 1.600 aðilar sendu inn skriflegar fyrirspurnir.

69.612

**NOTENDUR
ÞJÓNUSTU**


	Fjöldi notenda
Notendur á vefjum	65.099
Notendur á lestrarsal	1.483
Þátttakendur á námskeiðum	1.034
Þátttakendur á ráðstefnum	213
Gestir í kynningarheimsóknnum	169
Fjöldi fyrirspurnaraðila	1.614
	69.612

4. Skjalavarsla og skjalastjórn

Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar og gegnir hlutverki opinbers skjalasafns. Sem slíkt setur safnið reglur um skjalahald afhendingarskyldra aðila, samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum, veitir ráðgjöf um skjalamál, veitir heimild til eyðingar skjala og hefur eftirlit með framkvæmd laga um opinber skjalasöfn og reglna sem settar eru á grundvelli laganna. Þá tekur safnið við skjölum afhendingarskyldra aðila ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni. Pappírsskjöl á að afhenda þegar þau eru orðin 30 ára gömul en rafræn gögn að jafnaði eftir fimm ár. Þjóðskjalasafn tekur jafnframt við einkaskjalasöfnum frá einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum.

Afhendingar pappírsskjala

Árið 2023 tók Þjóðskjalasafn við 2.253 hillumetrum af pappírsskjölum í 155 afhendingum. Heildarsafnkostur pappírsskjala í Þjóðskjalasafni í lok árs 2023 var 48.972 hillumetrar. Í lok árs voru afhendingar á 54 pappírsskjalasöfnum afhendingarskyldra aðila í ferli.




Afhentir hillumetrar pappírsskjala 2014-2023

Afhendingar rafrænna gagna

Alls voru afhent 182 Gb. af rafrænum gögnum í tveimur afhendingum á árinu 2023. Heildarsafnkostur rafrænna gagna í Þjóðskjalasafni í lok árs 2023 var um 4.775 Gb. Í lok árs voru 291 vörsluútgáfa á áætlun sem afhendingarskyldir aðilar vinna að því að afhenda. Í desember 2023 fengu þeir afhendingarskyldu aðilar

eftirfylgnibréf sem ekki höfðu afhent vörsluútgáfu samkvæmt afhendingar-áætlun og var sú vinna liður í því að fjölga rafrænu skilum til safnsins í takt við afhendingarskyldu. Áframhaldandi vinna við eftirfölgninguna verður á dagskrá fyrri hluta árs 2024.




Afhent rafræn gögn í Gb. 2014-2023

Grisjunarbeiðnir


Afhendingarskyldir aðilar mega skv. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn ekki eyða neinu skjali í skjalasöfnum sínum nema með heimild þjóðskjalavarðar, í samræmi við reglur sem settar eru á grundvelli laganna eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði. Til þess að fá heimild þjóðskjalavarðar fyrir eyðingu skjala þarf að sækja um hana á sérstöku eyðublaði, svokallaðri grísjunarbeiðni. Grísjunarbeiðnir eru afgreiddar af þjóðskjalaverði á afgreiðslufundum sem haldnir eru tvisvar í mánuði með ráðgjöf frá aðstoðarþjóðskjalaverði og fagstjóra gagnaskila og eftirlits en áður hafa sérfræðingar safnsins metið hverja grísjunarbeiðni og gert leiðbeinandi álit. Á árinu 2023 bárust Þjóðskjalasafni 103 beiðnir um grísjun skjala og voru 79 beiðnir afgreiddar fyrir lok árs. Á árinu 2023 var eyðing heimiluð í 77 tilvikum en hafnað í tveimur tilvikum, ein beiðni barst þar sem heimild var til staðar og átti ekki við.

Málalyklar og skjalavistunaráætlanir

Afhendingarskyldir aðilar eiga að nota málalykla til að halda skipulagi á málafni sínu og skjalavistunaráætlanir til að hafa yfirlit yfir skjalasafnið og allar ákvarðanir sem teknar hafa verið um það. Þjóðskjalasafn samþykkir notkun á málalyklum og skjalavistunaráætlunum samkvæmt reglum þar um. Árið 2023 voru samþykktir alls 39 málalyklar og 10 skjalavistunaráætlanir.



Afgreiðsla grísjunarbeiðna árið 2023



Fjöldi samþykkttra málalykla afhendingarskyldra aðila 2014-2023


Tilkynning rafrænna gagnasafna

Undanfari afhendinga á rafrænum gögnum er að afhendingarskyldir aðilar tilkynni rafræn gagnasöfn sem þeir nota og Þjóðskjalasafn úrskurðar svo um varðveislu þeirra og hvenær afhenda skuli vörsluútgáfu gagna úr þeim. Á árinu 2023 bárust alls 76 tilkynningar um rafræn gagnasöfn og úrskurðaði safnið um 28 þeirra.

Ráðgjöf og fræðsla til afhendingarskyldra aðila

Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn, sem skjalaverðir safnsins svöruðu á árinu 2023 voru samtals 448 en voru á síðasta ári 575. Fyrirspurnum hefur farið fækkandi ár frá ári sem má rekja til þess að mikið og aðgengilegt fræðsluefni er á vef Þjóðskjalasafns og því geta aðilar sem leita upplýsinga fundið þær sjálfir. Auk þess er mikil aðsókn að námskeiðum Þjóðskjalasafns þar sem farið er yfir helstu þætti skjalavörslu og skjalastjórnar. Eins og fyrri ár voru langflestar fyrirspurnirnar um rafræna skjalavörslu.

Þjóðskjalasafn bauð á árinu upp á námskeið fyrir afhendingarskylda aðila um helstu þætti í skjalavörslu og skjalastjórn. Námskeið um innra eftirlit með rafrænum gagnasöfnum var haldið í fyrsta skipti en samkvæmt reglum um tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum eiga afhendingarskyldir aðilar að hafa eftirlit með skráningu mála og málsgagna afhendingarskyldra aðila og skráarsniðum sem eru skráð í gagnasafnið. Á námskeiðinu var farið yfir hverju þurfi að huga að í eftirlitinu og þá var farið yfir aðferðir við gæðamat og skoðun skráarsniða. Einnig var komið inn á hvernig skjalastjórar og umsjónarfólk skjalasafna afhendingarskyldra aðila geta stuðlað að aukinni meðvitund um gildi skjalavörslu og skjalastjórnar meðal notenda rafrænna gagnasafna. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum fjarfundabúnaðinn Microsoft Teams og voru námskeiðin



Tilkynningar rafrænna gagnasafna 2018-2023

gjaldfrjáls. Aðsóknin að námskeiðunum var mjög góð en alls voru skráðir 1.034 þátttakendur á þau 13 námskeið sem kennd voru á vor- og haustmisseri 2023, og hafa þátttakendur aldrei verið fleiri.

Námskeið

17. janúar – Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og skjalastjórn (56 skráðir)

31. janúar – Sameining afhendingarskyldra aðila og tilfærsla verkefna: nokkur góð ráð (51 skráðir)

7. febrúar – Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala (53 skráðir)

21. febrúar – Afhendingar úr rafrænum gagnasöfnum (90 skráðir)


- 7. mars – Spurt og svarað um rafræn gagnasöfn (83 skráðir)
- 21. mars – Innra eftirlit með rafrænum gagnasöfnum (81 skráðir)
- 17. október – Skráning mála og málgagna (60 skráðir)
- 24. október – Frágangur, skráning og afhending pappírsskjala (94 skráðir)
- 31. október – Er röð og regla á málafninu? Gerð málalykla (68 skráðir)
- 7. nóvember – Þarf að bæta skjalavörslu og skjalastjórn? Átak í skjalavörslu og skjalastjórn (88 skráðir)
- 14. nóvember – Gerð skjalavistunaráætlunar. Við verðum að hafa yfirsýn (100 skráðir)
- 21. nóvember – Tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum (98 skráðir)
- 28. nóvember – Hverju má henda? Um grisjun skjala (112 skráðir)

Þá voru gefin út þrjú ný fræðslumyndbönd á Youtube-rás Þjóðskjalasafns á árinu. Undir lok árs 2023 voru myndböndin orðin alls 40 talsins.

Skjalafréttir, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns um skjalavörslu og skjalastjórn, hefur komið út frá árinu 2014. Áskrifendur undir lok ársins voru 588 en á árinu 2023 komu út 12 tölublöð.

1.034

**ÞÁTTAKENDUR
Á NÁMSKEIÐUM**



Skriflegar fyrirspurnir um skjalavörslu og skjalastjórn árið 2023

Námskeið hjá Starfsmennt

Þjóðskjalasafn hefur verið í samstarfi við Starfsmennt frá árinu 2021 um kennslu á námskeiðum sem þar eru haldin um skjalavörslu og skjalastjórn og hélt það samstarf áfram árið 2023. Námskeiðin hafa verið hluti af svokölluðum launaskóla og er námsleið fyrir launafulltrúa og þá sem koma að kjara- og starfsmannamálum hjá ríki og sveitarfélögum. Námskeið sem skjalaverðir Þjóðskjalasafns kenndu hjá Starfsmennt voru um meðferð skjala og skjalavistun og um grísjun skjala.

Reglur um varðveislu og eyðingu fjárhagsbókhalds

Reglur um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi voru settar og tóku gildi 1. október 2023 (nr. 1022/2023). Með reglunum fá afhendingarskyldir aðilar heimild til að eyða öllum skjölum fjárhagsbókhalds úr skjalasöfnum sínum þegar sjö ár eru liðin frá lokum reikningsárs, nema ársreikningi sem skal varðveita og afhenda á opinbert skjalasafn í samræmi við lög um opinber skjalasöfn. Fjárhagsbókhald er umfangsmikill skjalaflokkur sem myndast hjá öllum

afhendingskyldum aðilum og er nauðsynlegur skjalaflokkur í rekstri þeirra. Fjárhagsbókhald er að stærstum hluta talið hafa tímabundið upplýsingagildi en til að mynda er kveðið á um í lögum um bókhald nr. 145/1994 að lágmarksvarðveislutími bókhalds að undanskildum ársreikningi sé sjö ár frá lokum reikningsárs. Með reglunum er því varðveisluskylda afhendingarskyldra aðila á skjölum fjárhagsbókhalds, að undanskilinni varðveislu ársreikninga, færð til samræmis við lög um bókhald.

Skjalasafni Grindavíkurbæjar komið í skjól

Grindavíkurbær var rýmdur vegna hættu á eldgos í og við bæinn þann 10. nóvember 2023. Þjóðskjalasafn Íslands hafði samband við skjalastjóra sveitarfélagsins strax daginn eftir og ræddi um mikilvægi þess að tryggja örugga varðveislu skjalasafns Grindavíkurbæjar og bauð fram aðstoð og húsnæði til þess að koma því í skjól. Þegar leyfi Almannavarna lá fyrir fóru tíu starfsmenn safnsins ásamt tveimur fulltrúum Grindavíkurbæjar í fylgd björgunarsveitar inn á rautt hættusvæði miðvikudaginn 15. nóvember til þess að sækja skjalasafn bæjarins sem að stærstum hluta var geymt á bæjarskrifstofunum, en þær eru í sigdalnum sem myndast hafði, steinsnar frá sprungunni sem liggur í gegnum bæinn. Hátt í hundrað hillumetrum af skjölum Grindavíkurbæjar var komið í skjól í aðgerð sem skipulögð var af Þjóðskjalasafni Íslands og Grindavíkurbæ í samráði við Almannavarnir.

Í vel heppnaðri aðgerð tókst að flytja öll mikilvægustu skjöl og gögn bæjarins niður af annarri og þriðju hæð hússins og fylla flutningabíl á einum og hálfum tíma. Að því búnu voru sótt gögn á tvo aðra staði í bænum og eftir rúma tvo tíma á hættusvæðinu yfirgaf hópurinn bæinn og flutti gögnin á Þjóðskjalasafn Íslands til varðveislu.



Unnið að flutningi skjala af bæjarskrifstofum Grindavíkur

Áhersla var lögð á að sækja skjöl er varða réttindi bæjarbúa og eru nauðsynleg fyrir stjórnýslu bæjarins. Meðal annars voru það skjöl sem tengjast málefnum fatlaðra, barnaverndarmál, lóðir og fasteignir, til dæmis teikningasafn bæjarins. Þá voru einnig sótt mannaúðsskjöl og málásafn bæjarins.


Mikilvægt er að stjórnýsla Grindavíkurbæjar geti haldið áfram og að hægt sé að vernda rétt einstaklinga sem bundinn er í skjölum bæjarins. Því var mikil ánægja með að geta aðstoðað bæjaryfirvöld við að ná í skjölin og koma þeim í skjól. Skjölin voru vel skipulögð í skjalageymslum á bæjarskrifstofunum og á þeim stöðum sem þurfti að sækja þau, sem auðveldaði aðgerðina og stytta þann tíma mjög sem dvelja þurfti á hættusvæði.

Einkaskjalasöfn

Árið 2023 bárust til varðveislu 69 einkaskjalasöfn. Heildarumfang þeirra er ríflega 60 hillumetrar en frágangi er lokið á 44 afhendingum. Meðal þeirra safna sem afhent voru má nefna gögn Sigurðar Thoroddsens, verkfræðings og alþingismanns, sem samanstanda meðal annars af bréfum og teikningum og teikningasafn Halldórs H. Jónssonar arkitekts. Einnig var afhent lítið en gagnmerkt safn úr fótum systranna Hjördísar, Steingerðar og Droplaugar Guðmundsdætra. Frá fyrirtækjum og félagasamtökum barst t.d. afhending frá Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (Fulbright) og önnur frá Skálatúni, sambýli og íbúðum fyrir fólk með þroskahömlun. Aðgangstakmarkanir eru að nokkrum söfnum, einkum vegna samninga en einnig vegna laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Forvarsla

Á árinu var áfram unnið að viðgerðum á skjölum úr Biskupsskjalasafni. Alls var gert við skjöl úr 53 öskjum (mygluhreinsun og viðgerðir). Jafnframt var unnið að ástandsskoðun á bréfabókum sýslumanna vegna kerfisbundinnar skönnunnar og leiddi hún í ljós að af 488 bréfabókum þurfti að gera við 68 bækur. Lokið var við að skipta um umbúðir á stærri teikningum úr safni Byggingarlistardeildar, en þetta verkefni hefur staðið yfir tvö síðastliðin ár.



Mygla í skjali frá 19. öld

Eitt af reglubundnum verkefnum í forvörslu er að taka við viðgerðarbeiðnum frá lestrarsal en þörf getur verið á viðgerðum á skjölum áður en þau eru lánuð til notkunar á lestrarsalnum. Annað reglubundið verkefni forvörslu er að sinna

eftirliti í skjalageymslum, t.d. skordýravöktun og umhverfismælingum (hita- og rakastigi). Einnig er reglulega tekið við beiðnum um sérsniðnar umbúðir fyrir einstök verkefni. Starfsmenn í forvörslu voru tveir á árinu 2023.

Ástand	Fjöldi arka	% af fjölda	Fjöldi í styrkjandi forvörslu
Mjög gott	402	82%	
Sæmilegt	20	4%	
Mjög slæmt (t.d illa rifið, fúi eða mygla)	66	14%	66 arkir
Alls yfirfarið	488		66 arkir

Ástandsskoðun og styrkjandi forvarsla vegna skönnunar 2023

Ástand	Fjöldi askja	% af fjölda	Fjöldi í styrkjandi forvörslu
Mjög gott	122	45%	
Sæmilegt	70	26%	
Mjög slæmt (t.d illa rifið, fúi eða mygla)	78	29%	53 öskjur

Ástandsskoðun og styrkjandi forvarsla á Biskupsskjalasafni

Umbætur á viðtökuverkstæði

Á árinu var ráðist í umbætur á viðtökuverkstæði rafrænna gagna þar sem fram fara prófanir á vörsluútgáfum og frágangur þeirra til langtíma varðveislu.

Verkstæðið var fært í nýtt rými þar sem vinnuástaða starfsfólks var bætt. Þá var bætt við nýjum vélbúnaði til prófana og eru prófanavélar nú tvær. Umbæturnar eru í takt við aukin verkefni í varðveislu rafrænna gagna og gerir safnið betur í stakk búið að taka við fleiri afhendingum á næstu misserum.

Skráning skjalasafna

Árið 2023 voru endurskráðir og nýskráðir 2.314 hillumetrar af pappírsskjölum í Þjóðskjalasafni. Um er að ræða skjöl frá stofnunum, fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum. Þá voru hreinsuð úr geymslum Þjóðskjalasafns 127 hillumetrar af gögnum sem töldust ekki til skjala en höfðu borist með skjalasöfnum á síðustu áratugum, t.d. prentað efni. Einnig var safnkostur grisjaður um 611 hillumetra, að langstærstum hluta fjárhagsbókhald afhendingarskyldra aðila sem hafa tímabundið gildi. Á árinu 2023 voru hreinsuð og grisjuð gögn úr skjalageymslum safnsins sem námu 738 hillumetrum.

5. Aðgengi og þjónusta

Skjalaskrá og Einkaskjalasafn.is

Í skjalaskrá Þjóðskjalasafns, sem er aðgengileg öllum á vef safnsins, er að finna upplýsingar um safnkostinn. Enn er einungis hluti safnkostsins skráður í rafrænu skjalaskrána og er stöðugt unnið að því að koma inn eldri skrá, en allar nýjar skrár eru þar aðgengilegar. Á árinu 2023 voru 317 skjalasöfn skráð í rafræna skjalaskrá safnsins sem töldu um 49.853 skjalaöskjur. Færslur í innri skjalaskrá safnsins voru 1.553.874 undir lok árs 2023. Í ytri skjalaskrá safnsins eru birtar skjalaskrár fyrir almenning, sem hafa verið yfirlesnar með tilliti til persónuverndarsjónarmiða og var fjöldi færslna í henni 1.407.087 í lok árs. Færslum í skjalaskrá safnsins fjölgaði um 13,5% á árinu.

Þjóðskjalasafn rekur vefinn Einkaskjalasafn.is – samskrá yfir einkaskjalasöfn, en vefurinn er samstarfsverkefni Þjóðskjalasafns, héraðsskjalasafna og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Á vefnum birtir 21 vörslustofnun upplýsingar um einkaskjalasöfn í vörslu þeirra. Undir lok árs 2023 voru birtar upplýsingar um 9.334 einkaskjalasöfn á vefnum, þar af 2.331 frá Þjóðskjalasafni. Færslum fjölgaði því miður ekkert á vefnum á milli ára.


Útlán og notkun skjala

Árið 2023 voru 4.067 skjalaöskjur pantaðar úr geymslum safnsins til notkunar á lestrarsal, til innanhússnota eða vegna láns til skjalamyndara. Er það fækkun um 15% frá fyrra ári þegar pantaðar voru 4.764 öskjur. Útlánnum hefur farið fækkandi undanfarin ár en sem dæmi voru árið 2019 pantaðar 5.915 öskjur.


Þessi fækkun útlána helst í hendur við aukna stafræna endurgerð og notkun gesta á skjölum sem birt eru á vef safnsins.

Fyrirspurnir vegna safnkosts

Skjalaverðir Þjóðskjalasafns svara fjölbreyttum fyrirspurnum frá viðskiptavinum sem leita upplýsinga í safnkostinum. Fyrirspurnir geta verið mismunandi að umfangi, allt frá einfaldri uppfléttingu í gögnum til umfangsmeiri og flóknari vinnu. Skriflegar fyrirspurnir árið 2023 vegna safnkosts voru 1.641 talsins en 1.867 árið 2022.



Öskjur í útlán 2019-2023



Fyrirspurnir um safnkost árið 2023

Heimsóknir á lestrarsal

Á lestrarsal Þjóðskjalasafns eru afgreiddar skjalaöskjur sem gestir safnsins hafa óskað eftir að fá að skoða. Alls sóttu 1.483 lestrarsalinn árið 2023 en á síðasta ári voru þeir m1.388 og er því fjölgun frá fyrra ári. Frá árinu 2017 hefur gestum fækkað sem má rekja til þess að meira af eftirsóttum skjölum hafa verið skönnuð

og birt á vef Þjóðskjalasafns. Auk þess hefur notkun skjala á lestrarsal breyst þar sem gestir nýta sér nú tæknina í auknum mæli. Þeir taka myndir af skjölum á lestrarsal sem þeir skoða svo betur annars staðar og koma því sjaldnar í salinn.

6. Sýningar, viðburðir og rannsóknir

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns

Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands var haldin í fimmta skipti þann 16. maí 2023. Að þessu sinni var dagskrá vorráðstefnunnar með breyttu sniði sem byggðist á því að einn aðalfyrirlestur var fluttur og í framhaldinu voru tveir málshefjendur sem lögðu út frá erindi aðalfyrirlesara.

Aðalfyrirlesari vorráðstefnunnar var kanadíska fræðikonan Laura Millar. Millar hefur starfað sem ráðgjafi í nærri 40 ár á sviði skjala- og upplýsingastjórnunar, við kennslu og fræðslu og er höfundur fjölda bóka um skjalavörslu og skjalastjórn. Fyrirlesturinn nefndi hún „Half-told Tales: Facts, Evidence, and the Search for Truth“. Fyrirlesturinn var fluttur á ensku og fór ráðstefnan öll fram á ensku. Rósa Magnúsdóttir, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og Aðalsteinn Kjartansson, blaðamaður á Heimildinni, voru málshefjendur og brugðust við erindinu með stuttum framsögum. Vorráðstefnan fór fram á Berjaya Reykjavík Natura Hotel en alls sóttu 121 vorráðstefnuna sem jafnframt var send út í streymi.

Rannsóknadagur Þjóðskjalasafns

Fjölmenni sótti rannsóknadag Þjóðskjalasafns 28. september, sem að þessu sinni var helgaður þjóðlendurannsóknum og útgáfu þriðja bindis skjala *Yfirréttarins*. Á ráðstefnunni voru fluttir fjórir fyrirlestrar um viðfangsefni er lúta að meðferð jarða á Íslandi auk þess sem fjallað var um ýmis frumskjöl sem komið hafa fram við gagnaöflun í þjóðlendumálum í Þjóðskjalasafni. Erindi fluttu Jón Torfi Arason skjalavörður, Kjartan Richter skjalavörður, Þorsteinn Magnússon héraðs-



Laura Millar á vorráðstefnu Þjóðskjalasafns Íslands 2023

dómari og nefndarmaður hjá óbyggðanefnd, Ólafur Arnar Sveinsson fagstjóri fræðslu og rannsókna, Margrét Gunnarsdóttir skjalavörður, Ragnhildur Hólmgeirsdóttir skjalavörður og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir verkefnastjóri heimildaútgáfu. Rúmlega fimmtíu gestir hlýddu á fjölbreytt erindi og sköpuðust skemmtilegar umræður um landamerki og sögu þeirra, deilur landeigenda sín á milli og við ríkið.

Þjóðlendu- og landamerkjaverkefni

Á árinu var unnið að gagnaöflun um tvö svæði vegna þjóðlendumála. Annars vegar var leitað að tilteknum gögnum um jarðir á svæði 10B, Ísafjarðarsýslum. Þeirri vinnu lauk um mitt ár og óbyggðanefnd kvað upp úrskurði sína um þjóðlendukröfur á svæðinu þann 30. ágúst. Hins vegar var um að ræða gagnaöflun um jarðir á svæði 11, Austfjörðum. Henni lauk um miðjan júlí en síðan þá hefur farið fram ítarlegri leit að ákveðnum skjölum. Líklegt er að óbyggðanefnd úrskurði um þjóðlendukröfur á því svæði á seinni hluta árs 2024.

Þá lauk á árinu uppskriftarvinnu á landamerkjabókum sýslumannsembætta. Um er að ræða samtals 26 bækur. Uppskriftunum er tímabundið miðlað á jarðavef Þjóðskjalasafns en þær samanstanda af rúmlega milljón orðum um landamerkjalyásingar.

Þriðja bindi skjala Yfirréttarins

Í september kom út þriðja bindi útgáfu dóma og skjala *Yfirréttarins á Íslandi* sem nær yfir árin 1716–1732. Yfirrétturinn á Íslandi var æðsta dómstig innanlands á tímabilinu 1563–1800. Mál sem komu fyrir dóminn voru margvísleg. Þar á meðal má nefna dulsmál, meiðyrði, árás á dómara, drykkjulæti í kirkju, ásakanir um falskt þingsvitni, rekadeilur og þjófnaðarmál. Útgáfan er styrkt af Alþingi og unnin í samstarfi við Sögufélag. Ritstjórar eru Gísli Baldur Róbertson, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir.



Safnanótt

Þjóðskjalasafn Íslands tók þátt í Safnanótt í Reykjavík og var hún haldin 3. febrúar 2023 eftir nokkurra ára hlé vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Þema safnanætur í Þjóðskjalasafni að þessu sinni var „eldgos“ en árið 2023 voru 240 ár frá því að Skaftáreldar hófust, 60 ár frá því að gos í Surtsey byrjaði og 50 ár

frá eldgosinu í Heimaey. Sýndar voru heimildir úr safnkostinum um eldgos, fluttir fyrirlestrar um efnið og boðið upp á kynningu um Þjóðskjalasafn og helstu dýrgrip safnsins. Fyrirlesarar voru Páll Zóphóniasson sem sagði frá Vestmannaeyjagösinu 1973, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, verkefnastjóri heimildaútgáfu í Þjóðskjalasafni, sem fjallaði um Mývatnselda 1724-1729, Atli Antonsson, doktorsnemi í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands, fjallaði um eldgos í 19. aldar ljóðlist og Jón Kristinn Einarsson, sagnfræðingur, sem sagði frá séra Jóni Steingrímssyni og hnattrænum áhrifum Skaftárelda.



Jón Kristinn Einarsson, sagnfræðingur, flytur erindi á Safnanótt

Samstarf við Háskóla Íslands um nám í hagnýtri skjalfræði

Hagnýt skjalfræði sem 30 eininga viðbótardiplóma hefur verið kennd frá haustinu 2020 í samstarfi Þjóðskjalasafns og Háskóla Íslands. Helga Jóna Eiríksdóttir skjalavörður í Þjóðskjalasafni og lektor við Háskóla Íslands sér um námsleiðina og er kennslan í hennar höndum ásamt fleira starfsfólki Þjóðskjalasafns. Námsleiðin er kennd við deild heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræði við Háskóla Íslands og er opin öllum sem lokið hafa BA, BS eða B.Ed. prófi og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við skjalavörslu og skjalastjórn, hvort sem er hjá opinberri stofnun, opinberu skjalasafni eða fyrirtæki. Á árinu 2023 sóttu 35 nemendur um námsleiðina og 11 útskrifuðust með diplóma í hagnýtri skjalfræði.

7. Miðlun


Vefir Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn Íslands rekur nokkra vefi til þess að miðla upplýsingum og safnkosti til viðskiptavina og gesta. Aðalvefur safnsins er á léninu *skjalasafn.is* en safnið rekur þó fleiri vefi sem hver gegnir sínu hlutverki í miðlun safnkostsins, m.a. *heimildir.is*, *einkaskjalasafn.is* og *landsnefndin.is*. Notendur á vefjum safnsins árið 2023 voru ríflega 65.099 talsins. Notendum hefur farið fjölgandi ár frá ári.


Stafræn endurgerð

Eitt af markmiðum Þjóðskjalasafns samkvæmt stefnu þess er að auka aðgengi að safnkosti með því að miðla honum á aðgengilegan hátt með stafrænum hætti. Á síðasta ári var settur aukinn kraftur í skönnun, ljósmyndun og miðlun gagna í safninu. Á árinu voru keypt tvö myndavélakerfi til stafrænnar endurgerðar skjala. Þau munu auka hraða skönnunar. Þá var stöðugildum í stafrænni endurgerð fjölgað með ráðningu tveggja nýrra starfsmanna sem eingöngu vinna að stafrænni endurgerð.

Á árinu var unnið að því að skanna teikningar og önnur gögn úr safni Húsameistara ríkisins, ýmis gögn úr safni Búnaðarfélags Íslands og Landbúnaðarráðuneytis, bréfabækur sýslumanna og fasteignamöt auk gagna gömlu dönsku stjórnardeildanna Rentukammers og Kansellís ásamt skjölum úr biskupsskjalasafni. Á árinu 2023 voru 95.687 myndir skannaðar og hafa nú alls verið 1.056.845 mynda verið skannaðar í safninu.



Notendur á vefjum Þjóðskjalasafns 2021-2023



Heildarfjöldi skannaðra mynda í Þjóðskjalasafni 2016-2023

Skráning sóknarmantala

Unnið hefur verið að skráningu sóknarmantala í leitarbæran gagnagrunn og hefur einkum verið unnið að verkefninu af starfsfólki á Ísafirði. Á árinu var einnig unnið að verkinu af starfsfólki á Bakkafirði og Raufarhöfn þar sem stuðningur fékkst til verksins frá Byggðastofnun. Því verkefni lauk nú um áramót. Í sóknarmantalagrunninn höfðu undir lok ársins verið skráðar 3.377.230 færslur og 3.011.565 færslur birtar á vef safnsins. Færslunar eru leit-
arbærar á vefnum salnaregistur.manntal.is.

Innlent og erlent samstarf

Á árinu lauk verkefni sem styrkt var af uppbyggingarsjóði EES í miðlun myndræns efnis í safninu auk lista- og bókasafna í Tékklandi undir forystu Listasafnsins í Olamouc. Skannað var margvíslegt efni, svo sem kort, teikningar og hönnunargögn vegna frímerkja svo dæmi sé tekið. Lokaráðstefna verkefnisins var haldin síðla árs og verið er að skoða möguleika á að þróa frekara samstarf.

Á árinu fékkst styrkur til gerðar gagnagrunns fyrir skjöl Árna Magnússonar sem varðveitt eru í fjórum söfnum: Stofnun Árna Magnússonar og Þjóðskjalasafni á Íslandi auk Ríkisskjalasafnsins í Noregi og Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Í verkefninu verða öll skjöl ljósmynduð og gerð aðgengileg. Er þar meðal annars um að ræða stærstan hluta af elstu skjölum sem varðveitt eru í Þjóðskjalasafni eða um 600 skinnskjöl.

Samstarf um stafræn hugvísindi

Þjóðskjalasafn er aðili að Miðstöð um stafræn hugvísindi og listir. Miðstöðin hefur að markmiði að auka samstarf stærstu stofnanna á Íslandi á sviði hugvísinda og lista og í nafni hennar hefur verið sótt um styrki í Innviðasjóð til að vinna að mikilvægum verkefnum sem munu gagnast stofnununum öllum sem fræðimönnum og áhugafólki. Tvö verkefni miðstöðvarinnar tengjast Þjóðskjalasafni beint. Það er annars vegar gerð sögulegs bæja- og manntals en fyrsta gerð þess mun verða gerð aðgengileg almenningi á vordögum 2024 og hins vegar gerð íslenskra módelna fyrir forritið *Transkribus* sem getur lesið handskrif-
aðan texta. Tvö tilraunamódel voru opnuð almenningi á árinu; fyrir skrift frá um 1770-1800 og 1850-1870. Frekari þróun þessara módelna er í bígerð á vegum miðstöðvarinnar.

Samfélagið á Rás 1

Þáttastjórnendur útvarpsþáttarins *Samfélagið* á Rás 1 heimsóttu Þjóðskjalasafn reglulega á árinu 2023 til þess að kynna starfsemi þess og safnkosti. Á árinu hafa þau Guðmundur Pálsson og Arnhildur Hálfðánardóttir komið 17 sinnum á safnið og rætt við starfsfólk um ólíkustu málefni. Viðtölin eru aðgengileg á vef RÚV og gefa skemmtilega innsýn í störf og verkefni á safninu.

15. febrúar - Þjóðskjalasafn heimsótt. Rætt við Hrefnu Róbertsdóttur, þjóðskjalavörð.

27. febrúar - Rokkskjal skoðað. Rætt við Heiðar Lind Hansson, skjalavörð.

13. mars - Stafrænt Þjóðskjalasafn. Rætt við Unnar Ingvarsson, fagstjóra stafrænnar endurgerðar.

27. mars - Þjóðskjalasafnsgeymsla heimsótt. Rætt við Gunnar Örn Hannesson, fagstjóra skráninga.

11. apríl - Einkaskjöl í Þjóðskjalasafni. Rætt við Njörð Sigurðsson, aðstoðar-þjóðskjalavörð.

24. apríl - Lénsreikningar. Rætt við Kristjönu Kristinsdóttur, skjalavörð.

8. maí - Hundrað ára gömul gerðarbók. Rætt við Árna Jóhannsson, skjalavörð.

22. maí - Rannsóknir á skjölum tengdum þjóðlendum. Rætt við Ólaf Arnar Sveinsson, fagstjóra fræðslu og rannsókna.

21. ágúst - Merkileg skjöl frá upphafi átjándu aldar. Rætt við Ragnhildi Önnu Kjartansdóttur, skjalavörð.

4. september - Rýnt í dómabækur. Rætt við Ólaf Valdimar Ómarsson, skjalavörð.

18. september - Skjöl Tryggva Gunnarssonar fyrrum alþingismanns, bónda og bankastjóra. Rætt við Hans Hreinsson, skjalavörð.

2. október - Ástandsárin og ungmennaeftirlit. Rætt við Benedikt Eypórsson, fagstjóra upplýsingaþjónustu.

16. október - Uppdráttur Benónís Guðlaugssonar. Rætt við Kjartan Richter, skjalavörð.

30. október - Styttan af Leifi Eiríkssyni. Rætt við Indriða Svavar Sigurðsson, skjalavörð.

14. nóvember - Hagsögusafn Þjóðskjalasafns. Rætt við Jón Torfa Arason, skjalavörð.

27. nóvember - Stóra skjalafölsunarmálið frá árinu 1724. Rætt við Ragnhildi Hólmgæirsdóttur, skjalavörð.

11. desember - Rentukammersskjöl frá tímum móðuharðindanna. Rætt við Margréti Gunnarsdóttur, skjalavörð.

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns – Til skjalanna

Hlaðvarp Þjóðskjalasafns, *Til skjalanna*, hélt áfram göngu sinni á árinu 2023 en fyrsti þáttur fór í loftið undir lok árs 2020. Alls hafa verið sendir út 17 hlaðvarpsþættir þar sem fjallað er um fjölbreytt efni. Hlaðvarpið er hægt að nálgast á heimildavef Þjóðskjalasafns **Heimildir.is** og á helstu hlaðvarpsveitum undir heitinu: *Til skjalanna*.

Hlaðvarpsþættir 2023

Hverjir völdu fulltrúa fólksins?

Ragnhildur Anna Kjartansdóttir ræðir við Hrafinkel Lárusson, skjalavörð og nýdóktor í sagnfræði, um rannsókn hans á kosningum og kjörhegðun Íslendinga á landshöfðingjatímanum (1874-1903), en verkefnið hlaut nýverið nýdóktorsstyrk frá Rannís.

Íslenskir sakamenn í Kaupmannahöfn

Helgi Biering ræðir við Sigríði Hjördísi Jörundsdóttur, sagnfræðing, um rannsóknir hennar á íslenskum sakamönnum sem sendir voru til refsivistar í Kaupmannahöfn á árunum 1736-1830.

Kynlegt stríð – ástandið í nýju ljósi

Benedikt Eyþórsson ræðir við Báru Baldursdóttur, sagnfræðing, um bók hennar *Kynlegt stríð – ástandið í nýju ljósi* sem nýlega kom út. Óhætt er að segja að gögn sem varðveitt eru á Þjóðskjalasafni Íslands hafi varpað nýju ljósi á samneyti íslenskra kvenna og hermanna á hernámsárunum.

Grindavíkurskjölin

Helgi Biering ræðir við Heiðar Lind Hansson, fagstjóra gagnaskila og eftirlits, og Árna Jóhannsson, skjalavörð, um aðkomu og framkvæmd Þjóðskjalasafns Íslands á flutningi skjala Grindavíkurbæjar þegar náttúruvá steðjaði að.

Arkir – fréttir af safnkosti

Árið 2020 hóf *Arkir*, rafrænt fréttabréf Þjóðskjalasafns, göngu sína. Í því eru fluttar fréttir af safnkosti Þjóðskjalasafns, þar með talið af nýjum og áhuga-verðum skjalasöfnum sem borist hafa til safnsins, miðlun heimilda og útgáfa á frumheimildum. *Arkir* eru sendar rúmlega 200 áskrifendum í tölvupósti og komu út sex tölublöð á árinu 2023.

Heimild mánaðarins

Heimild mánaðarins hefur verið birt á vef safnsins frá árinu 2012 og auglýst á Facebook-síðu þess. Þar er varpað ljósi á einstakar heimildir bæði til gagns og gamans. Gott heimildasafn stuttra greina um fjölbreytt efni sem varðveitt er í safninu er nú komið á vefinn. Undir lok árs 2023 hafa verið birtar 144 greinar um heimild mánaðarins og eru allar aðgengilegar á vef safnsins.

Heimild mánaðarins árið 2023		
Mánuður	Höfundur texta	Titill
Janúar	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Íslenska akuryrkjufélagið, Yfirréttur og Landsnefndin fyrri
Febrúar	Unnar Rafn Ingvarsson	Var Jón Arason með skegg?
Mars	Gísli Baldur Róbertsson	Var hluta bréfasafns Jóns Sigurðssonar forseta (1811–1879) fargað að honum látnum?
Apríl	Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	„Uppsprettopyttir eldsins“. Skýrslur um Mývatnselda 1724–1729
Máí	Gísli Baldur Róbertsson	Skjalaskipti Þjóðskjalasafns og Árnasafns árið 1904
Júní	Árni Jóhannsson	Ekkert vandræðafólk í Höfnum?
Júlí	Unnar Rafn Ingvarsson	Lóðaafmörkun í Reykjavík 1861
Ágúst	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Gubbulkingar í réttarinnleggjum Orms Daðasonar 1723–1727
September	Ragnhildur Anna Kjartansdóttir	Kvikfjártal Árna og Páls
Október	Ólafur Valdimar Ómarsson	Dularfullt andlát Kristmanns Jónssonar
Nóvember	Gísli Baldur Róbertsson	Eftir hvaða leiðum barst Þjóðskjalasafni bréfasafn Jóns Sigurðssonar forseta (1811–1879)?
Desember	Margrét Gunnarsdóttir	Jólahald á heimili Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur í Kaupmannahöfn

8. Samstarf opinberra skjalasafna

Tilfærsla á verkefnum tveggja héraðsskjalasafna til Þjóðskjalasafns

Á fyrri hluta ársins 2023 ákváðu tvö sveitarfélög að hætta rekstri sinna héraðsskjalasafna. Borgarstjórn Reykjavíkur ákvað þann 7. mars að færa verkefni og safnkost Borgarskjalasafns Reykjavíkur til Þjóðskjalasafns Íslands og bæjarstjórn Kópavogs ákvað þann 25. apríl að gera slíkt hið sama. Þessar ákvarðanir kveiktu mikla umræðu meðal starfsfólks héraðsskjalasafna og sagnfræðinga. Í lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er kveðið á um að sveitarfélög hafi um tvær leiðir að velja þegar þau skipuleggja langtímavörslu skjala sinna; annað hvort reki þau eigið héraðsskjalasafn eða beini skjölum sínum til langtímavörslu Þjóðskjalasafns. Alls eiga 46 sveitarfélög aðild að þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem eru starfandi en 18 sveitarfélög afhenda skjöl til Þjóðskjalasafns. Sé héraðsskjalasafn lagt niður er skylt að koma safnkosti þess til Þjóðskjalasafns og verða þau sveitarfélög sem stóðu að rekstri héraðsskjalasafnsins eða voru aðilar að því þar með afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns. Í lögum um opinber skjalasöfn er ákvæði um að sveitarfélög sem afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín greiði fyrir vörslu þeirra samkvæmt gjaldskrá. Þannig bera öll sveitarfélög kostnað við langtímavörslu sinna skjala, annað hvort með því að reka sjálf héraðsskjalasafni eða vera aðilar að því, eða með því að greiða Þjóðskjalasafni fyrir vörsluna.

Í kjölfar ákvarðana sveitarstjórnanna tveggja hófst vinna við gerð aðgerðaáætlana um tilfærslu verkefna og safnkosts héraðsskjalasafnanna. Lagt var til grundvallar í þeirri vinnu að allur safnkostur yrði afhentur til Þjóðskjalasafns frágenginn og skráður samkvæmt reglum þar um, og að ekki yrði þjónusturuf við tilfærsluna. Til þess að svo mætti verða lagði Þjóðskjalasafn áherslu á að

starfsfólk héraðsskjalasafnanna gæti fylgt með verkefnunum yfir til Þjóðskjalasafns og orðið starfsmenn þess og að auka þyrfti gjaldheimildir Þjóðskjalasafns í lögum um opinber skjalasöfn til að mæta auknum kostnaði sem af niðurlagningu héraðsskjalasafnanna verður, svo sem við ráðgjöf, eftirlit og miðlun. Í menningar- og viðskiptaráðuneytinu hófst vinna við breytingu á lögum um opinber skjalasöfn til að mæta þessu og hafði ráðherra í hyggju að leggja fram breytingarfrumvarp í nóvember. Í lok ársins 2023 hafði frumvarp ekki enn verið lagt fram.

Aðgerðaáætlun fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur var tilbúin í október og var henni skipt í tvo hluta. Frá og með 1. janúar 2024 munu stjórnýsla og stofnanir Reykjavíkurborgar skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns Íslands. Á sama tíma mun Þjóðskjalasafn taka við hlutverki Borgarskjalasafns varðandi ráðgjöf og eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn stofnana og stjórnýslu Reykjavíkurborgar. Í því felst meðal annars að samþykkja málalýkla, skjalavistunaráætlanir og skjalageymslur, afgreiða tilkynningar á rafrænum gagnasöfnum, samþykkja afhendingarbeiðnir á viðtöku pappírsskjala, ákveða um grisjun skjala og hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn Reykjavíkurborgar. Þá mun viðtaka einkaskjalasafna frá Reykjavík færast til Þjóðskjalasafns frá sama tíma eða 1. janúar 2024.

Í öðrum áfanga er ráðgert að pappírssafnkostur Borgarskjalasafns Reykjavíkur verði afhentur til varðveislu á Þjóðskjalasafn Íslands og það verði ekki seinna en 1. nóvember 2025 en þessi dagsetning miðast við þann undirbúning sem nauðsynlegur er til að safnkostur Borgarskjalasafns uppfylli reglur um frágang og skráningu. Aðilar sem óska eftir aðgangi að eða afriti af skjölum úr safnkosti

Borgarskjalasafns, eða hafa fyrirspurnir sem tengjast skjölum í varðveislu þess skulu því hafa samband við starfsfólk Borgarskjalasafns fram til 1. nóvember 2025.

Kynningarfundir voru haldnir fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um þessa breytingu og upplýsingasíða um tilfærsluna komið upp á vef Þjóðskjalasafns.

Sambærileg aðgerðaráætlun var unnin fyrir tilfærslu á verkefnum og safnkosti Héraðsskjalasafns Kópavogs en var ekki lokið í lok árs 2023.

Starfshópur um framtíð opinberra skjalasafna

Í aðdraganda ákvörðunar Reykjavíkurborgar um tilfærslu verkefna og safnkosts Borgarskjalasafns Reykjavíkur til Þjóðskjalasafns Íslands ákvað menningar- og viðskiptaráðherra að skipa starfshóp um framtíðarfyrirkomulag skjalasafna og mótun stefnu um rafræna langtíma vörslu skjala. Starfshópurinn var settur á laggirnar til að fylgja eftir aðgerðum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um rafræna langtíma vörslu skjala og endurnýjun rafrænna innviða opinberra skjalavörslu. Í hópnum eiga sæti fulltrúar tilnefndir af menningar- og viðskiptaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, Stafrænu Íslandi, Þjóðskjalasafni, Reykjavíkurborg og tveir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þar sem annar þeirra er héraðsskjalavörður. Formaður starfshópsins var skipuð Kristín Benediktsdóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Hópurinn átti samkvæmt skipunarbréfi að skila niðurstöðum 10. september 2023 en hafði fengið frest til að skila niðurstöðum fram til upphafs árs 2024.

Fundur opinberra skjalasafna

Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, eiga ýmiss konar samstarf. Í fjölda ára hafa verið haldnir árlegir fundir opinberra

skjalasafna, oftast að vori. Fundur opinberra skjalasafna árið 2023 fór að þessi sinni fram 4. desember í Þjóðskjalasafni Íslands. Á fundinum voru kynningar á innviðaverkefni Þjóðskjalasafns, aðgerð Þjóðskjalasafns við björgun Grindavíkurskjala og samstarf héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu. Fyrirferðar mest var þó umræða um ákvarðanir borgarstjórnar Reykjavíkur og bæjarstjórnar Kópavogs um að hætta rekstri sinna héraðsskjalasafna og færa verkefni og safnkost þeirra til Þjóðskjalasafns. Alls voru 37 þátttakendur á fundinum frá Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum, en einnig sat fundinn fulltrúi frá menningar- og viðskiptaráðuneytinu og formaður starfshóps ráðherra um framtíð opinberra skjalasafna.

Samráðshópur um einkaskjalasöfn

Þjóðskjalasafni Íslands er í lögum um opinber skjalasöfn falið að hafa samræmingarhlutverk í varðveislu einkaskjalasafna. Í þeim tilgangi setti Þjóðskjalavörður á stofn samráðshóp um einkaskjalasöfn í október 2021. Í samráðshópnum sitja fulltrúar frá Þjóðskjalasafni, héraðsskjalasöfnum og Landsbókasafni Íslands –Háskólabókasafni. Verkefni samráðshópsins eru meðal annars að hafa umsjón með og þróa vefinn *Einkaskjalasafn.is*, halda við og endurnýja reglulega leiðbeinandi aðfangastefnu fyrir Ísland, halda utan um aðfangastefnur vörsluaðila um söfnun einkaskjalasafna sem hafa verið samþykktar og birtar, standa fyrir sameiginlegu söfnunarátaki tiltekinna flokka einkaskjalasafna og hafa samstarf við aðra hagsmunaaðila um verkefni sem snúa að söfnun, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum, svo sem háskólasamfélagið, menningarstofnanir, félagasamtök o.s.frv. Þá á hópurinn að vinna að öðru sem snýr að söfnun, varðveislu, aðgengi og miðlun einkaskjalasafna á Íslandi eins og við á, svo sem verklag og leiðir til að tryggja varðveislu rafrænna einkaskjalasafna.

Styrkir til héraðsskjalasafna

Í fjárlögum ársins 2023 var fjárveiting til héraðsskjalasafna 31,5 m.kr. Þar af var rekstrarframlag 15,2 m.kr. og verkefnastyrkir 16,3 m.kr.

Beint rekstrarframlag ríkisins til héraðsskjalasafna deildist þannig niður að helmingur framlagsins skiptist á öll söfnin 20. Hinn helmingurinn skiptist jafnt á milli þeirra héraðsskjalasafna sem hafa heilt stöðugildi eða meira. Á árinu 2023 voru 16 héraðsskjalasöfn með heilt stöðugildi eða meira. Rekstrarframlagið er greitt í fjórum greiðslum, í febrúar, maí, ágúst og október.

Frá áramótum 2016 var Þjóðskjalasafni Íslands falið nýtt verkefni, að úthluta til héraðsskjalasafna verkefnastyrkjum til skönnunar og miðlunar valinna skjalaflokka. Safnið skipulagði verkefnið með því að móta reglur og almenna skilmála um styrkveitingar og útbjó rafrænt umsóknareyðublað. Við veitingu styrkja 2023 höfðu forgang við úthlutun umsóknir um skönnun og miðlun skjala sem eru frá því fyrir 1943 og umsóknir sem tvö eða fleiri héraðsskjalasöfn stóðu að.

Þann 29. mars var auglýst eftir umsóknum um styrki til héraðsskjalasafna fyrir skönnun og miðlun á skjölum. Til úthlutunar voru 16,3 m.kr. Alls bárust 32 umsóknir um styrki frá tíu héraðsskjalasöfnum. Heildarupphæð umsókna var kr. 50.690.907. Ákveðið var að úthluta styrkjum til 18 verkefna.

Styrkir til héraðsskjalasafna vegna skönnunar og miðlunar		
Verkefnastyrkur 2023	Verkefni	Upphæð
Héraðsskjalasafn Akraness	Skjalasafn Ytri-Akraneshrepps: Lokaáfangi	1.500.000
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	Gjörðabækur sveitarfélags	1.500.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Gjörðabækur búnaðarfélaga í Eyjafirði	1.300.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Gjörðabækur og önnur skjöl hreppa í Árnessýslu	1.200.000
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Fræðslumál í Mosfellshreppi	1.000.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Gjörðabækur hreppa	1.000.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga	Samband sunnlenskra kvenna og kvenfélögin	900.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga/Rangæinga	Skjöl hreppa úr Rangárvallasýslu og V-Skaftafellssýslu	1.000.000
Borgarskjalasafnið	Ljósmyndun elstu skjala - framhald	1.000.000
Borgarskjalasafnið	Skjöl lögreglunnar í Reykjavík á hernámsárum	1.000.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Gjörðabækur ungmennafélaga	900.000
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	Ungmenna og kvenfélög skráning lýsigagna	700.000
Héraðsskjalasafnið á Ísafirði	Elstu gjörðabækur Ísafjarðarkaupstaðar	700.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Elstu hreppagögn VI. áfangi	600.000
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	Bréfasafn Mosfellshrepps	500.000
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	Þingeyingaskrá	500.000
Héraðsskjalasafn Akraness	Brunavirðingar	500.000
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	Brunavirðingar II. áfangi	500.000
Samtals:		16.300.000

9. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmerki og gilda til ársins 2030. Hér má sjá hvernig Þjóðskjalasafn tengir starfsemi sína við Heimsmarkmiðin fyrir árið 2023.



- Kaupum sanngjarnt framleiddar vörur, t.d. kaffi



- Engin matarsóun



- Samgöngusamningar
- Íþróttastyrkir
- Hjólavottun
- Vinnuvernd
- Heilsutengdir fyrirlestrar
- Hreinlætis- og búningsaðstaða
- Hjólað í vinnuna
- Lífshlaupið



- Markviss starfsþróun
- Starfsmanna- og starfsþróunarsamtöl
- Rannsóknarleyfi
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Framlag til háskólamenntunar
- Áhersla á hæft og vel menntað starfsfólk



- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisstefna
- Jafnréttisnefnd
- Sveigjanlegur vinnutími



- Fylgst með vatnsnotkun



- Fylgst með rafmagnsnotkun



- Bætt aðgengi að safnkostinum og skilvirk þjónusta
- Áhersla á góðan rekstur innan fjárheimilda
- Starfsánægja mæld
- Fjöldi starfsfólks aukinn



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Nýsköpun innan fageininga
- Virk sókn í nýsköpunarsjóði
- Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar
- Samstarf við háskóla í kennslu
- Áhersla á nýsköpun í stefnumótun



- Jafnréttisstefna
- Jafnlaunavottun
- Jafnréttisnefnd
- Persónuvernd og söfnun upplýsinga



- Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila
- Ráðgjöf á starfssviðum Þjóðskjalasafns
- Samgöngusamningar við starfsfólk
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Réttindi borgaranna og hagur stjórnsýslunnar



- Vistvæn innkaup
- Grænt bókhald
- Loftslagsmarkmið



- Umhverfisvænar lausnir
- Umhverfis- og loftslagsstefna
- Samgöngusamningar
- Kolefnisjöfnun
- Aukin áhersla á rafræn skil
- Áhersla á fjarfundi og fjarkennslu



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæði áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna



- Leiðandi í umhverfislausnum sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið
- Loftslags- og umhverfisstefna
- Samgöngustefna



- Mannauðsstefna
- Jafnréttisstefna
- Stefna gegn einelti og áreitni
- Reglur um heilsu- og öryggismál
- Reglur um persónuvernd



- Þátttaka í starfi ICA (Alþjóða skjalaráðið)
- Þátttaka í starfi FAN (Alþjóðastarf þjóðskjalavarða)
- Formennska í Íslandsdeild Blue Shield (Blái skjöldurinn)

Viðauki 1. Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára 2024-202

Kjarnastarfsemi						
Markmið 1: Efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila. Tengist markmiði málaflokks 18.1; markmið nr. 2: „Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur“						
Mælikvarðar	HM	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Innkomin frágengin pappírsskjalasöfn, árlega	8	Upplýsingar úr afhendingarskrá (hillumetrar)	1.266	2.500	2.500
2.	Innkomin rafræn gagnasöfn, árlega	9	Upplýsingar úr afhendingarskrá (gígabæti)	2.198	2.000	2.000
3.	Fjöldi eftirlitsheimsóknna ráðgjafasamtala og funda / fjöldi þátttakenda á námskeiðum/ráðstefnum	11	Málaskrá og önnur skráningarkerfi stofnunar	200/733	200/800	200/800
Markmið 2: Bætt aðgengi að safnkostinum og aukin þjónusta. Tengist markmiði málaflokks 18.1; markmið nr. 2: „Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur“						
Mælikvarðar	HM	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Rafræn skjalaskrá, árlega	8	Fjöldi færslna	1.369.000	1.700.000	2.000.000
2.	Fjöldi hillumetra á ári í bættum umbúðum með forvörslu eða endurpökkun	9	Mæling úr geymsluskrá, skýrslur forvarðar og skráningarskýrslur	1.600	1.000	500
3.	Fjöldi afgreiddra skjalaeininga / fjöldi svaraðra skriflegra fyrirspurna	11	Pantana, fyrirspurnakerfi	4.764/1.867	4.900/2.000	5.300/2.300
Markmið 2: Aukið framboð efnis til fræðslu og miðlunar. Tengist markmiði málaflokks 18.1 Safnamál, markmið nr. 1: „Bæta aðgengi að og miðlun á menningu og listum.“						
Mælikvarðar	HM	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Fjöldi skannaðra og birtra mynda	8	Fjöldi skannaðra og birtra mynda	255.597 / 255.597	350.000	500.000
2.	Fjöldi rita og blaðsíðna	9	Útgefin rit / bls. fjöldi	1/50	3/1.500	3/1.500
3.	Notkun vefja og gagnasafna	11	Mælingar á árlegri notkun vefja notendur / innlit / flettingar	62.205 / 159.521 / 330.341	63.000 / 164.000 / 336.000	64.000 / 168.000 / 342.000

Rekstrarþættir					
Markmið 1: Efling mannauðs og starfsánægju					
Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Niðurstöður úr árlegri könnun um stofnun ársins	Könnun meðalstórra stofnanna	3,92	4,0	4,2
2.	Jafnlaunavottun	Hlutfall launa kvenna miðað við laun karla, að teknu tilliti til frávik	100%	100% viðhalda vottun	100% viðhalda vottun
3.	Staða verkefnis	Mannauðsstefna, aðgerðaáætlun, starfsmannahandbók/ starfsþróunaráætlun	50%/50%	100%	100%
Markmið 2: Efling markmiðasetningar og skilvirkra starfsþátta					
Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Innleiðing verkbókhalds	Hlutfall starfsmanna sem skrá verkbókhalda	50%	75%	100%
2.	Áhættumat/Öryggisviðmið, Græn skref, staða verkefnis	Verkáætlun	70%	80%	100%
3.	Skráning verkferla, handbók	Hlutfall skráðra verkferla	50%	70%	85%
Markmið 3: Efling upplýsingatækni og árangursmælinga					
Mælikvarðar	Gögn til grundvallar	Staðan 2022	Viðmið 2024	Viðmið 2026	
1.	Fjöldi skannaðra og birtra mynda	Staða verkefnis - mælingar	Verkáætlun	30%	50%
2.	Fjöldi rita og blaðsíðna	Nýr aðalvefur og Heimildir.is	Verkáætlun	0	80%
3.	Notkun vefja og gagnasafna	Staða verkefnis - verkbeiðnakerfi	Verkáætlun	0	100%

Viðauki 2. Starfsfólk Þjóðskjalasafns 1. desember 2023

Atli Björn Jóhannesson	Skjalavörður	Kristinn Valdimarsson	Skjalavörður
Árni Jóhannsson	Skjalavörður	Kristín Sigríður Gunnarsdóttir	Starfsmaður í afritun
Bára Stefánsdóttir	Skjalavörður	Kristjana Kristinsdóttir	Skjalavörður
Benedikt Eypórsson	Fagstjóri upplýsingaþjónustu	Logi Sigmundsson	Starfsmaður skjalasafna
Bjarni Þórðarson	Húsnæðisstjóri	Margrét Gunnarsdóttir	Skjalavörður
Brynhildur Ingvarsdóttir	Sérfræðingur í miðlun	Njörður Sigurðsson	Aðstoðarþjóðskjalavörður
Edvard Kristinn Guðjónsson	Starfsmaður við skjalafrágang	Olga Dagmar Erlendsdóttir	Skjalavörður
Fanney Sigurgeirsdóttir	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu	Ólafur Arnar Sveinsson	Fagstjóri fræðslu og rannsókna
Gísli Baldur Róbertsson	Skjalavörður	Ólafur Valdimar Ómarsson	Skjalavörður
Gísli Skagfjörð	Stafræn endurgerð	Ólöf Jóna Tryggvadóttir	Mannauðs- og gæðastjóri
Gunnar Örn Hannesson	Fagstjóri skráninga	Ragnhildur Anna Kjartansdóttir	Skjalavörður
Hans Hreinsson	Skjalavörður	Ragnhildur Hólmgeirsdóttir	Skjalavörður
Haukur Kristófer Bragason	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu	Sigríður Andrea Ásgeirsdóttir	Skjala- og upplýsingastjóri
Heiðar Lind Hansson	Fagstjóri gagnaskila og eftirlits	Sigríður Hjördís Jörundsdóttir	Skjalavörður
Helga Hlín Bjarnadóttir	Skjalavörður	Sigrún Hrönn Harðardóttir	Starfsmaður í afritun
Helga Jóna Eiríksdóttir	Skjalavörður og lektor í skjalfræði	Sigurður Rafn Borgþórsson	Sérfræðingur í rafrænni skjalavörslu
Helga Lilja Bergmann	Skjalavörður	Símon Hjalti Sverrisson	Sérfræðingur í miðlun
Helgi Valdimar Viðarsson Biering	Stafræn endurgerð	Tómas Helgi Svavarsson	Skjalavörður
Hrefna Róbertsdóttir	Þjóðskjalavörður	Unnar Rafn Ingvarsson	Fagstjóri stafrænnar endurgerðar
Indriði Svavar Sigurðsson	Skjalavörður	Yngvi Leifsson	Skjalavörður
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri heimildaútgáfu	Þuríður Árnadóttir	Framkvæmdastjóri rekstrar
Jón Torfi Arason	Skjalavörður	<i>Í leyfi</i>	
Karen Þóra Sigurkarlsdóttir	Fagstjóri varðveislu	Kristjana Vigdís Ingvadóttir	Skjalavörður
Kjartan Jakobsson Richter	Skjalavörður	Þórunn Marel Þorsteinsdóttir	Skjalavörður

Viðauki 3. Afhendingar 2023

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
1	Gjaldþrot/Þrotabú	Jónatansson & co. Lögfræðistofa	1,38		1960	1962
2	Sjálfsbjörg landssamband	Sjálfsbjörg landssamband	0,85		1959	2017
3	Magnús Jóhannes Sigurðsson (1957) byggingarmeistari	Magnús Jóhannes Sigurðsson	1,24		1947	2015
4	Umboðsmaður barna	Umboðsmaður barna	5,5		1994	2004
5	Skeggjastaðaprestakall	Brynhildur Óla Elínardóttir	0,3		1900	1950
6	Sjúkrapþjálfun Mosfellsbæjar	Sonja Riedmann	1		1994	2021
7	Gróa Sigfúsdóttir (1930-2022) hjúkrunarfræðingur og Sigmar Grétar Jónsson (1929-2010) deildarstjóri	J. Halla Sigmarsdóttir	0,08		1935	1997
8	Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir	152		1950	2021
9	Sigurður Thoroddsen (1902-1983) verkfræðingur og alþingismaður	Guðbjörg Thoroddsen	1,41		1893	2023
10	Ríkistollstjóri	Skatturinn	11,2		1971	2001
11	Tollstjórinn í Reykjavík	Skatturinn	50		1929	2010
12	Skattstofa Reykjavíkur	Skatturinn	20		1922	1990
13	Ýr Sigurðardóttir (-) lækni	Embætti Landlæknis	0,28		1995	2020
14	Lögreglan í Árnassýslu	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	46		1998	2015
15	Orkustofnun	Orkustofnun	20		1928	2011
16	Hörður Ágústsson (1922-2005) listmálari og fræðimaður	Guðrún Harðardóttir	0,7		1960	2005
17	Hallgrímsprestakall	Margrét Kristín Sigurðardóttir	0,5		1960	2004
18	Ástríður Pálsdóttir (1948) sameinda líffræðingur	Ástríður Pálsdóttir	0,12		1983	2022
19	Einkaleyfastofan	Hugverkastofan	107		1997	2015
20	Neytendastofa	Neytendastofa	15		2004	2019
21	Skattstofa Vesturlands	Skatturinn	40		2001	2010
22	Skattstofa Reykjavíkur	Skatturinn	455		2001	2010
23	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins	Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins	14,5		1994	2013
24	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	16		2000	2022
25	Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	12,7		1939	2019
26	Heilsugæslustöðin Vík	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	1		1932	2002
27	Kvikmyndasjóður	Kvikmyndasjóður	5		1979	1993
30	Landmælingar Íslands	Landmælingar Íslands	37,84		1839	2013
28	Útlendingaeftirlitið	Útlendingastofnun	5,12		1965	2000

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
29	Fjársýsla ríkisins	Fjársýsla ríkisins	32		1942	1993
31	Landspítali	Landspítali	7		1931	1969
32	Halldór Skaftason (1942-2018) veitingastjóri	Þorgerður Ína Gissurardóttir	0,2		1966	2018
33	Kvmyndasafn Íslands	Kvikmyndasafn Íslands	5,6		1906	2019
34	Íþróttakennarafélag Íslands	Ingimar Jónsson	0,02		1934	1950
35	Heilbrigðisráðuneytið	Heilbrigðisráðuneyti	196,72		1903	2088
36	Ríkisbókhald	Fjársýsla ríkisins	1		1975	1996
37	Krabbameinsfélag Íslands	Helga M. Ögmundsdóttir	0,72		1985	2008
38	Póstafgreiðslan Norðurfirði	Óviss	1		1924	1978
39	Árneshreppur	Óviss	2		1977	1988
40	Margrét Kristín Sigurðardóttir (1931-2022) viðskiptafræðingur og Ragnar Stefán Halldórsson (1929-2019) verkfræðingur og forstjóri	Sigurður Ragnar Ragnarsson	1,5		1950	2020
41	Ragnar Stefán Halldórsson (1929-2019) verkfræðingur og forstjóri	Sigurður Ragnar Ragnarsson	8,5		1966	1993
42	Teiknistofa Hauks Arnars Viktorssonar	Jóhann Helgason	7		1960	2014
43	Kvikmyndamiðstöð Íslands	Kvikmyndasafn Íslands	18,4		1950	2017
44	Ríkisútvarpið	Kári Jónasson	0,08		1978	1984
45	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	38,8		1951	2022
46	Sláturfélagið Örlygur	Valdimar Össurason	0,4		1936	1986
47	Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA)	Fjársýsla ríkisins	0,8		1971	2014
48	Jörgen Bukdahl (1896-1982) fræðimaður og rithöfundur	Else Marie Bukdahl	0,05		1949	1979
49	Hjördís Guðmundsdóttir (1910-2007) verslunar- og skrifstofukona, Steingerður Guðmundsdóttir (1912-1999) leikkona og skáld, Droplaug Guðmundsdóttir (1915-2012) skrifstofukona	Kristín Waage	0,08		1907	2000
50	Grétar Sigurbergsson (1946) geðlæknir	Lydía Grétarsdóttir	10		1974	2020
51	Daníel Bernhöft (1861-1945) bakari, Sigríður Bernhöft (1877-1968), Ásthildur Jósefsdóttir Bernhöft (1901-1982)	Hjörleifur Sveinbjörnsson	0,4		1830	1970
52	Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins	Utanríkisráðuneyti	10		1950	1968
53	Ólafur Thorarensen (1962) læknir	Ólafur Thorarensen	2,4		2001	2007
54	Halldór H. Jónsson (1912-1992) arkitekt	Garðar Halldórsson	1,8		1919	1998
55	Hilmar Þorsteinsson & co.	Örnþór Halldórsson	0,3		1935	1970
56	Jón Hallur Jóhannsson (1940-2022) kennari og lögreglumaður og Björk Guðjónsdóttir (1941-) hjúkrunar- og mannfræðingur	Björk Guðjónsdóttir	0,2		1946	1973
57	Heilsugæslustöðin á Akureyri	Fjársýsla ríkisins	0,24		1989	2014
58	Mýra- og Borgarfjarðarprófastsdæmi	Þorbjörn Hlynur Árnason	0,16		1890	1965

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
59	Íslandsbanki hf.	Íslandsbanki hf.	20		1993	2018
60	Húsameistari ríkisins	Forsætisráðuneytið	3		1940	2000
61	Velferðarráðuneytið	Félagsmálaráðuneytið	70		1898	2020
62	Þorsteinn Gunnarsson (1940) arkitekt	Þorsteinn Gunnarsson arkitekt	2		1966	2020
63	Keflavíkurverktakar hf.	Guðrún Sigríður Jakobsdóttir	0,23		1997	2001
64	Hulda Sveinsson (1920-2012) lækni	Embætti Landlæknis	0,56		1950	1990
65	Þórólfur Ólafsson (1949) tannlækni	Embætti Landlæknis	1,12		1980	2015
66	Elmar Ernst Geirsson (1948) tannlækni	Embætti Landlæknis	1,52		1980	2015
67	Hlynur Andrésson (1950) tannlækni	Embætti Landlæknis	1,36		1980	2015
68	Gunnar Torfason (1961) tannlækni	Gunnar Torfason	3,5		1980	2015
69	Sjálfsbjörg landssamband	Sævar Guðjónsson	0,1		1955	1956
70	Kærunefnd húsamála	Úrskurðarnefnd velferðarmála	8,8		2010	2021
71	Högni Óskarsson (1945) geðlækni	Högni Óskarsson	2		1980	2022
72	Hafnarfjarðarprestakall	Hafnarfjarðarkirkja	0,35		1974	2009
73	Skattstofa Hafnarfjarðar	Skatturinn	152		2002	2010
74	Sigurbjörn Björnsson lyf- og öldrunarlækni	Eir, hjúkrunarheimili	3,04		1967	2022
75	Benedikt Sigurðsson (1918-2014) kennari	Eva Benediktsdóttir	0,25		1949	1981
76	Stella Jórunn Sigurðardóttir (1918-1975) ljósmóðir og Sigurður Hjálmsón (1902-1985) lagerstjóri	Hlíf Sigurðardóttir	0,06		1906	1985
77	Vígbór Hrafn Jörundsson (1932-2023) skólastjóri	Börkur Vígbórsson	1,5		1920	1985
78	Lyfjafræðingaskóli Íslands	Guðbjörg Kristinsdóttir	0,03		1940	1956
79	Stöð í Stöðvarfirði – prestakall	Héraðskjalasafn Austfirðinga	0,01		1915	1928
80	Kársnesprestakall	Biskupsstofa	0,12		2000	2023
81	Eyraspárisjóður	Landsbanki Íslands	1		1928	2001
82	Spárisjóður Súgfirðinga	Landsbanki Íslands	0,32		1910	1995
83	Kvenfélag Árbæjarsóknar	María Kristinsdóttir	1,24		1968	2017
84	Benedikt Gröndal (1924-2010) alþingismaður	Jón Gröndal	0,1		1978	1989
85	Landssími Íslands	Margrét Örnólfsdóttir	0,2		2003	2006
86	Víglundur Jónsson (1910 - 1994) útgerðarmaður	Ragnheiður Víglundsóttir	0,1		1940	1970
87	Valdimar Guðlaugur Runólfsson (1899-1991) húsa smíðameistari	Ingibjörg Runólfsdóttir	0,02		1900	1936
88	Leitarstöð Krabbameinsfélagsins	Krabbameinsfélag Íslands	127		1949	2020
89	Staður í Súgandafirði	Sigríður H. Gissurardóttir	0,08		1940	1951
90	Pétur Guðfinnsson (1899-1985) bóndi og bifreiðastjóri	Guðbjörg Lilja Pétursdóttir	0,05		1927	1993

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
91	Sementsverksmiðja ríkisins	Sementsverksmiðjan ehf.	10		1956	2010
92	Fæðingabók úr Suðurfjarðahreppi	Þórunn Jóhanna Alfreðsdóttir	0,05		1921	1952
93	Guðrún Gunnlaugsdóttir (1874-1950) kjólaaumakona	Haflíði Hjartarson	0,01		1913	1913
94	Emil Þórður Thoroddsen (1898-1944) píanóleikari og tónskáld	Haflíði Hjartarson	0,01		1944	1944
95	Félag hársnyrtisveina	Lilja K. Sæmundsdóttir	0,04		2015	2022
96	Steinar Steinsson (1926-2015) tæknifræðingur og skólameistari	Þór Steinsson	0,01		1906	1906
97	Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Ráðgjafar- og greiningarstöð	123,84		1961	2023
98	Barnaverndarstofa	Barna- og fjölskyldustofa	38,72		1980	2023
99	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (Fulbright)	Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (Fulbright)	3,4		1957	2012
100	Sparisjóður Bolungarvíkur	Landsbanki Íslands	2,5		1908	2015
101	Hróbjartur Hróbjartsson (1938-2021) arkitekt	Karin Hróbjartsson-Stuart	0,09		1962	1965
102	Héraðsdómur Vestfjarða	Héraðsdómur Vestfjarða	12		1992	1999
103	Krabbameinsfélag Íslands	Krabbameinsfélag Íslands	0,08		1972	1973
104	Vinnueftirlit ríkisins	Vinnueftirlitið	18		1950	2008
105	Jón Steinar Bjarnason (1905-1997) trésmiður	Sigurður Steinsson	0,5		1920	2000
106	Skattstofa Akureyrar	Skatturinn	77,36		2001	2010
107	Heilsugæslustöðin á Akureyri	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	4,88		1943	2019
108	Heilbrigðisstofnunin Blönduósi	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	1		1957	2019
109	Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	8,72		1913	2020
110	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	2,56		1969	2018
111	Heilsugæslustöðin á Dalvík	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	0,64		1963	2020
112	Skipaútgærd ríkisins	Hilmar Snorrason	0,05		1930	1989
113	Sigurður Sigurðsson (1933-2022) heimilislæknir	Albert Páll Sigurðsson	0,32		1974	2002
114	Gunnar Karlsson (1939-2019) sagnfræðingur og prófessor	Háskóli Íslands	3,7		1971	2013
115	Óþekkt	Óþekktur	0,01			
116	Barðstrendingafélagið í Reykjavík	Guðmundur Arinbjörn Sæmundsson	1,3		1944	2010
117	Verðlagsstofa skiptaverðs	Verðlagsstofa skiptaverðs	8,8		1995	2021
118	Einar Laxness (1931-2016) sagnfræðingur	Óþekktur	1		1980	2000
119	Ulrik Arthúrssen (1936) arkitekt	Ulrik Arthúrssen	2,5		1968	2005
120	Landspítali	Landspítali	18,32		1989	2008
121	Póst- og fjarskiptastofnun	Fjarskiptastofa		80,9	2014	2017
122	Svanhildur Ólöf Theodórsdóttir Sætran (1915-2009) hjúkrunarkona	Kristín Hildur Sætran og Jóna Björg Sætran	0,01		1920	1997

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
123	Guðlaug Ottósdóttir (1931-2012) húsmóðir og skrifstofukona	Karólína Guðjónsdóttir	0,01		1942	1945
124	Ingibjörg Gísladóttir (1863-1938) ljósmóðir	Gyða Vigfúsdóttir	0,01		1884	1884
125	Albína Hulda Thordarson (1939) arkitekt	Jarprúður Iða Másdóttir	0,5		1960	1971
126	Guðjón Eyjólfsson (1930) löggiltur endurskoðandi	Karólína Guðjónsdóttir	0,01		1905	1966
127	Kristján Guðlaugsson (1906-1982) lögfræðingur	Hanna Lára Steinsson	0,05		1858	1917
128	Elín Guðrún Sigurðardóttir (1930-2023) ljósmóðir	Oddný Sigurðardóttir	0,01		1944	1962
129	Gjaldprot/Protabú	Lausnir lögmannsstofa	0,16		2019	2022
130	Stálsmiðjan hf.	Páll Kristinsson	0,05		1935	2000
131	Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs	2		1999	2023
132	Sveinn Tryggvason (1916-1989) framkvæmdastjóri	Auður Sveinsdóttir	0,6		1938	1984
133	Lögreglan á Hvolsvelli	Lögreglustjórinn á Suðurlandi	17,12		1969	2014
134	Árni Árnason (1874-1961) dómkirkjuvörður og skósmiður og Elísabet Árnadóttir (1888-1951) húsfreyja	Gyða Vigfúsdóttir	0,3		1898	1938
135	Davíð Stefánsson (1877-1959) bóndi	Elísabet Þórisdóttir	0,01		1933	1933
136	Jón Pétur Jónsson (1895-1974) bóndi og organisti og Magnús Anna Aradóttir (1895-1990) húsfreyja	Vilberg Vilbergsson	0,01		1919	1919
137	Timburverslunin Bakkabúð	Herbert Haraldsson (240842-3439)	0,03		1906	1935
138	Söngmálanefnd Alþingishátíðarinnar 1930	Bjarki Sveinbjörnsson	0,01		1927	1928
139	Hljómsveit Reykjavíkur	Bjarki Sveinbjörnsson	0,01		1925	1931
140	Héraðsaksóknari	Héraðsaksóknari		101	2016	2021
141	Skálatún ses.	Skálatún ses.	3		1953	2022
142	Jón Guðlaugur Borgfjörð Þórðarson (1931-2022) múrarameistari og Ingibjörg Þórunn Jóhannsdóttir (1933-2012) húsfreyja	Ingibjörg Sigríður Jónsdóttir	0,2		1950	1990
143	Björn Björnsson (1869-1923) prestur og Ingibjörg Magnúsdóttir (1867-1962) húsfreyja	Jón Baldvin Stefánsson og María Birna Jónsdóttir	0,05		1892	1965
144	Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir (1972) sjúkraþjálfari	Sigurveig Dögg Þormóðsdóttir	2,48		1998	2022
145	Lánasjóður Íslenskra námsmanna	Menntasjóður námsmanna	16,4		1960	1962
146	Jean Eggert Claessen (1887-1950) lögfræðingur	Eggert Benedikt Guðmundsson	1		1915	1940
147	Kristín Anna Claessen (1926-2022) tannsmiður og hjúkrunarritari og Guðmundur Benediktsson (1924-2005) ráðuneytisstjóri	Eggert Benedikt Guðmundsson	1		1940	2015
148	Danfríður Brynjólfsdóttir (1884-1958) húsmóðir og Kristján Pálsson (1880-1962) bóndi	Ingibjörg Skarphéðinsdóttir	0,01		1986	2006
149	Páll Kristjánsson (1856-1921) kennari	Ingibjörg Skarphéðinsdóttir	0,03		1995	2005

Afh.nr.	Heiti	Afhendingaraðli	HM	Gb	Frá	Til
150	Hrafnhildur Margrét Bridde (1982) ljósmóðir	Hrafnhildur Margrét Bridde	0,08		2010	2014
151	Lögreglustjórinn á Akureyri	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	26,32		1934	1997
152	Sýslumaðurinn í Eyja fjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Akureyri	Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	68,32		1870	2018
153	Axel Björnsson (1942-2023) jarðeðlisfræðingur	Hrefna Kristmannsdóttir	0,08		1996	2007
154	Háskólinn á Akureyri	Hrefna Kristmannsdóttir	0,08		1992	2023
155	Orkustofnun	Hrefna Kristmannsdóttir	0,16		1975	1997
156	Vísindaráð	Hrefna Kristmannsdóttir	0,32		1987	1994
157	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	1,76		1930	2010
Samtals hillumetrar af pappírsgögnum			2.253,35 hm.			
Samtals gígabæt af rafrænum gögnum			181,9 Gb.			

Viðauki 4. Útgefin rit, erindi og greinar um skjalavörslu og safnkost Þjóðskjalasafns

Útgefnar bækur

Yfirrétturinn á Íslandi. Dómar og skjöl III. 1716–1732. Ritstjórar Gísli Baldur Róbertsson, Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmeirsdóttir, Reykjavík 2023.

Erindi og greinar

Árni Jóhannsson og Heiðar Lind Hansson

„Skjalavarsla í poppkúltúr.“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 11. maí 2023.

„Reglur um varðveislu og eyðingu skjala úr fjárhagsbókhaldi afhendingarskyldra aðila.“ Erindi flutt á Haustráðstefnu Félags héraðsskjalavarða, 28. september 2023.

„Skjalasafni Grindavíkurbæjar komið í skjól.“ Erindi flutt á Fundi opinberra skjalasafna, 4. desember 2023.

Gísli Baldur Róbertsson og Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Yfirrétturinn á Íslandi 1563–1800. Kynning útgáfuverkefnis.“ *Tímarit lögfræðinga* 73. árg. 4. hefti (2023), bls. 753-774.

Heiðar Lind Hansson

„Meðferð skjala og skjalavistun.“ Erindi flutt í Launaskóla Fræðslusetursins Starfsmennt, 13. febrúar 2023.

Helga Jóna Eiríksdóttir

„Langtímarvarðveisla skjala og skyldur opinberra skjalasafna.“ *Saga LXI:2* (2023), bls. 36-45.

Hrefna Róbertsdóttir

„Hörspuni og þéttbýlislíf á Vopnafirði í lok 18. aldar.“ Erindi flutt í málstofunni Austurland – efniviður rannsókna á Hugvísindafingi Háskóla Íslands, 10. mars 2023.

„Nú var þessi fógeti víst föðurnefnan þín...“ Byggðastefna og þéttbýli á Íslandi.“ Erindi flutt ásamt Þóroddi Bjarnasyni og Ólöfu Garðarsdóttur á ráðstefnunni Skautun í íslensku samfélagi, Háskólanum á Akureyri, 3. júní 2023.

„Saga Seyðisfjarðar.“ Málþing um sögu Seyðisfjarðar, Seyðisfirði, 30. september 2023.

„Crna Gora í fjarska.“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 23. nóvember 2023.

„Þéttbýli og byggðamenning um 1700.“ Erindi flutt á málstofuröð í félags- og hagsögu við Háskóla Íslands, 27. nóvember 2023.

Indriði Svavar Sigurðsson

„Sagan í syrpunni. Einsögurannsókn á 19. aldar alþýðufræðimanninum Árna „gátu“.“ Erindi flutt á Öskjufundi í Þjóðskjalasafni, 19. október 2023.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir

„Uppsprettopyttir eldsins“. Skýrslur um Mývatnselda 1724–1729. Erindi á Safnanótt í Þjóðskjalasafni Íslands 3. febrúar 2023.

„Yfirrétturinn á Íslandi: blóðskömm, dulsmál og drykkjuskapur.“ Gönguleiðsögn um Þingvelli 20. júlí 2023.

„Káldýrkun.“ *Fjörutíu þankastrik opinberuð Jóhannesi B. Sigtryggssyni fimmtugum 15. janúar 2023*. Reykjavík 2023, bls. 67–68.

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

„Útgáfa yfirréttarins á Íslandi, 3. bindi 1716-1732.“ Erindi á rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 28. september 2023.

Jón Torfi Arason

„Sjónhending. Um Landamerki og landamerkjabækur í Þjóðskjalasafni.“ Erindi á rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 28. september 2023.

Kjartan Richter

„Uppdráttur Benónís. Saga af þrautseigju og þraustystykki.“ Erindi á rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 28. september 2023.

Margrét Gunnarsdóttir

„Eyðijarðir, óbyggðir og viðreisn Íslands: Nýbýlatilskipunin árið 1776 í sögulegu ljósi.“ Erindi á rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 28. september 2023.

Njörður Sigurðsson

„Shared Archival Heritage. The perspective of the ICA expert group and the National Archives of Iceland on disputed archives.“ Erindi á fundi European Board of National Archivist í Madrid 6. október 2023.

„Archival legislation in Iceland.“ Erindi á fundi The Working Group on Archival Legislation in the Nordic Countries 16. júní 2023.

„Þjóðskjalasafn Íslands – hlutverk og starfsemi.“ Erindi á málþingi Sagnfræðingafélags Íslands: Heimildir á vergangi? Málþing um stöðu skjalasafna í Reykjavík 27. apríl 2023.

„General Principles of Shared Archival Heritage and Archival Claims.“ Erindi á vinnustofu á vegum verkefnisins Decolinsing Nordic Archvies í Reykjavík 26. mars 2023.

„Stafræn vegferð opinberra skjalasafna = hagur stjórnsýslunnar.“ Erindi á UT-messunni í Reykjavík 3. febrúar 2023.

„Skjöl þýska ræðismannsins á Íslandi. Um skjalaskil og heimildir um íslenska og þýska sögu í aðdraganda síðari heimsstyrjaldar.“ *Saga LXI:1* (2023), bls. 129-145.

Ólafur Arnar Sveinsson

„Áreið á merki jarða. Óvenjuleg andmæli við áreiðargjörð 1853.“ Erindi á rannsóknadegi Þjóðskjalasafns Íslands 28. september 2023.

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir

„Kíf og klammer í Dýrafirði 1722-1723.“ Kynning á útgáfu yfirtáttarins fyrir áhugafólk um réttarsögu í Hæstarétti Reykjavíkur 24. nóvember 2023.

Kynning á þriðja bindi Yfirtáttarins í Blöndu, hlaðvarpi Sögufélags, þann 19. október 2023.

Unnar Rafn Ingvarsson

„Transkribus. Notkun íslenskra móðela við lestur handskriftar.“ Erindi á ráðstefnu Miðstöðvar um stafræn hugvísindi og listir. 22. maí 2023.

„New Ideas. What the future holds.“ Erindi á ráðstefnu verkefnisins Loaded/Open í Olamouc í Tékklandi 11. október 2023.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS